

MARGRÉT ERLA MAACK

Gefur uppskrift að rokkhumri Rásar 2

• matur • helgi

ALLT Í MIÐJU BLAÐSINS



KITTY VON SOMETIME

Brjálæðislega skipulögð

Á nú von á sínu fyrsta barni FÖSTUDAGUR FYLGIR Í DAG



MÖGNUM BÓK www.forlagid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

24. apríl 2009 – 97. tölublað – 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

FÖSTUDAGUR



Blómlegt starf alla tíð

Kvenfélag Biskups-tungna er 80 ára.

TÍMAMÓT 22

Margir spenntir

Einar Tómasson kynnti Ísland sem heppilegan töku-stað fyrir kvikmyndir í Hollywood.

FÓLK 34



Með þrjár í takinu

Ástamál ástralska stórleikarans Mels Gibson eru farin að taka á sig heldur skrautlega mynd.

FÓLK 26



Með kampavín í augum

Alfred Gíslason varð Þýska-landsmeistari í handbolta í fjórða skiptið á ferlinum sem er einstakt.

ÍÞRÓTTIR 31

VEÐRIÐ Í DAG



Hvasst við vesturströndina í dag eru horfur á stífri norðanatt við vesturströndina en hægari vindi annars staðar. Búast má við úrkomu víða, einkum á Vestfjörðum og við suðausturströndina.

VEÐUR 4

Ríkisstjórnin með meirihluta

Samfylking og Vinstri græn fá 37 þingmenn af 63, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. Sjálfstæðisflokkurinn fengi 15 þingmenn, Framsóknarflokkurinn sjö og Borgarahreyfing fjóra.

SKOÐANAKÖNNUN Útlit er fyrir öruggan sigur vinstri flokkanna samkvæmt skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2.

Það stefnir í að Sjálfstæðisflokkurinn fái verstu útkomu frá stofnun, en 21,9 prósent segjast myndu kjósa flokkinn nú. Samkvæmt því fengi flokkurinn fimmtán þingmenn, tíu færri en hann hefur nú. Mikill kynjamunur er á stuðningi við Sjálfstæðisflokkinn, 25,8 prósent meðal karla en 16,6 prósent meðal kvenna. Sjálfstæðisflokkurinn mælist oft með herra fylgi í könnunum, miðað við úrslit kosninga, en þar sem óvenjustór hluti fyrrverandi sjálfstæðismanna segist í könnunum ekki ætla að kjósa, eða skila auðu, gæti orðið breyting þar á.

Samfylkingin yrði samkvæmt þessari könnun stærsti flokkurinn á Alþingi með 21 þingmann en 31,8 prósent segjast myndu kjósa flokkinn. Bætur flokkurinn við sig þremur mönnum frá síðustu kosningum þegar hann fékk átján þingmenn kjörna.

Vinstri græn bæta mestu við sig frá síðustu kosningum. 24,1 prósent styður flokkinn nú og

myndi hann samkvæmt því fá 16 þingmenn og bæta við sig sjö frá núverandi þingmönnum. Vinstri græn hafa mun meiri stuðning meðal kvenna en karla. Flokkurinn hefur 20,2 prósent meðal karla, en 29,3 prósent meðal kvenna.

Framsóknarflokkurinn myndi halda sínum sjö þingmönnum, en 11,3 prósent segjast myndu kjósa flokkinn nú. Samkvæmt könnun Fréttablaðsins úr Reykjavík norður nær Sig-mundur Davíð Gunnlaugsson, formaður flokks-ins, kjöri.


Borgarahreyfingin fengi fjóra menn kjörna, samkvæmt könnuninni en fylgi hreyfingar-innar er nú 7,1 prósent. Flokkurinn hefur mest fylgi á höfuðborgarsvæðinu og því líklegast að þingmenn flokksins komi þaðan.

Hvorki Frjálslyndi flokkurinn né Lýðræðis-hreyfingin myndu ná manni á þing. 2,6 prósent styðja Frjálslynda flokkinn nú, en 1,2 prósent segjast myndu kjósa Lýðræðishreyfinguna.

Könnunin var gerð 20.-22. apríl og hringt var í 3.600 manns.

Fylgi stjórnmálaflokkanna

Skoðanakönnun Fréttablaðsins 20.-22. apríl 2009 – fjöldi þingmanna og fylgi (%)



-ss/ sjá síður 4 og 6



SUMRI FAGNAÐ Krakkar úr yngstu deildum Hlíðaskóla, Háteigsskóla og Austurbæjarskóla fögnuðu í gær sumri með réttinda-göngu frá Austurbæjarskóla upp á Klambatrún. Það var þó ekki sumarlegt um að listastarfaendur hafi verið einn og helli úr fötu.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Íslandsmótið í handknattleik: Valur og Haukar leika til úrslita

ÍÞRÓTTIR Haukar og Valur munu leika til úrslita á Íslandsmótinu í handknattleik karla.

Haukar tryggðu sér sæti í úrslitum með stórsigri á Fram, 30-21. Fyrir leikinn í gær höfðu bæði lið unnið einn leik. Haukar náðu strax yfirhöndinni í leiknum, komust í 5-2 og 12-7. Eftir það var aldrei spurning hvort liðið færi með sigur af hólmi.

Ögn meiri spenna var í viðureign Vals og HK að Hlíðar-enda. Valsmenn höfðu þó alltaf yfirhöndina og leiddu með sex mörkum í hálfleik. HK-menn náði að minnka muninn niður í þrjú mörk en lengra komust þeir ekki. Valsmenn sigruðu 28-25 og eru enn ósigraðir á heimavelli.

Fyrsta viðureignin í úrslitum fer fram að Ásvöllum í Hafnar-firði á mánudaginn kemur.

- Sjá síðu 30

Utanríkismálanefnd fundar um samskipti íslenskra og breskra ráðamanna:

Samtöl í byrjun október rædd

EFNAHAGSMÁL Utanríkismálanefnd mun í dag skoða minnisblöð um samtöl þáverandi forsætisráðherra við breska ráðamenn í byrjun október á síðasta ári. Fundurinn er haldinn í kjölfar fyrirsparn Siv-jar Friðleifsdóttur sem spurði um gögn um samtöl sem átt hefðu sér stað dagana 3. til 6. október.

Siv segist hafa beðið um gögnin til að fá það á hreint hvort til séu gögn sem varpi ljósi á það af

hverju Icesave-ábyrgðirnar fóru ekki í breska lögsögu, sé rétt að svo hafi verið unnt. Björgólfur Thor Björgólfsson hafi fullyrt að slíkir samningar hafi verið tilbúnir og Tryggvi Þór Herbertsson hafi sagt opinberlega að hann hafi tjáð forsætisráðherra það. Af svari forsætisráðherra megi skilja að samtöl hafi átt sér stað á milli ráðamanna þjóðanna á þessum tíma.

Siv segir mikilvægt að upplýsa

þessi mál. Hafi verið hægt að leysa þjóðina undan Icesave-ábyrgðum fyrir 200 milljónir breskra punda hefði það verið margfalt ódýrari leið. Upplýsingar um þessi mál eigi að vera uppi á borðinu, séu gögnin fyrir hendi.

Forsætisráðuneytið hefur afhent rannsóknarnefnd Alþingis um bankahrunið gögnin. Gögnin verða kynnt utanríkismálanefnd í trúnaði í dag.

- kóp

Advertisement for Sveita Jökull cheese. Text: NÝJUNG! Mýksti brauðosturinn á markaðnum. ostur.is

Advertisement for Subway sandwich. Text: Kafbátur mánaðarins 6 tommu bátur 349 kr. TÚNFISKBÁTUR SUBWAY

Advertisement for Norrænt velferðarsamfélag. Text: Norrænt velferðarsamfélag. Vinstri Græn logo.

Halló Albúfeira

– Portúgal tekur
vel á móti þér

Beint flug frá
AKUREYRI
í sumar



Sparaðu fé,
orku og tíma
og fljúgðu beint
frá Akureyri.



Dom Pancho ★★★

Íbúðarhótel
Brottför 20. júní

Gott 3 stjörnu íbúðarhótel, allt endurnýjað árið 2006. Staðsett 200 metra frá „Laugaveginum“. Stutt í alla þjónustu, verlanir, veitingastaði o.fl.

VERÐDÆMI

74.782 kr.

á mann miðað við 2 með 2 börn í 1 viku.



Vila Galé Cerro Alagoa ★★★★★

Junior svíta
Brottför 20. júní

4 stjörnu vel búið klassahótel með heilsulind, sundlaugum og veitingastaðum. Lifandi tónlist á kvöldin og skemmtilegt mannlíf í gamla bænum er í göngufæri.

VERÐDÆMI

95.908 kr.

á mann miðað við 2 með 2 börn í 1 viku með morgunverði.

Portúgal í allt sumar – vinsælasti áfangastaður Úrvals-Útsýnar

Áratuga reynsla Úrvals-Útsýnar og þaulreyndir fararstjórar tryggja farþegum okkar gott frí á frábæru verði. Gæða gististaðir í ýmsum verðflokkum, áhugaverðar skoðunarferðir og frábærir golfvöllir. Það er fátt betra en frí á sólarströnd, þar sem blátær sjórinn og himininn renna saman í eitt. Óskafrí þar sem hægt er að hlaða batteríin í rólegheitum og koma heim með orku sem endist fram á vetur.



Úrval-Útsýn – Lágmúla 4 – Reykjavík – Sími 585 4000
Innifalið: Flug, flugvallarskattar, íslensk fararstjórn og gisting. Verðmóast við að bóka sé á netinu.
Eið bókað er á skrifstofu eða símið er bókanargjald 2.500 kr. fyrir hvorn farþega.



ÚRVAL-ÚTSÝN
www.urvalutsyn.is

GJALDMIÐLAR	KAUP SALA
Bandaríkjadalur	130,09 130,71
Sterlingspund	190,16 191,08
Evra	168,29 169,23
Dönsk króna	22,590 22,722
Norsk króna	19,201 19,315
Sænsk króna	15,239 15,329
Japanskt jen	1,3280 1,3358
SDR 192,75 193,89	
GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 207,7006	
HEIMILD: Seðlabanki Íslands	

Fylgið samkvæmt könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2: Stjórnarflokkarnir með 56 prósent fylgi

SKOÐANAKÖNNUN Stjórnarflokkarnir tveir, Samfylking og Vinstri græn, hafa meirihlutfylgi, samkvæmt nýrri könnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. 31,8 prósent styðja Samfylkingu og 24,1 prósent Vinstri græn. Samfylking fengi samkvæmt því 21 þingmann en Vinstri græn 16.


Frjálslyndi flokkurinn nú. Framsóknarþingmenn yrðu samkvæmt því sjö. Borgarahreyfingin fengi fjóra þingmenn, en 7,1 prósent styður flokkinn nú. Frjálslyndir og Lýðræðishreyfing myndu ekki ná manni inn, en 2,6 prósent styðja Frjálslynda flokkinn og 1,2 prósent styðja Lýðræðishreyfinguna.

Fylgi Sjálfstæðisflokksins dalar og segjast nú 21,9 prósent myndu kjósa flokkinn. Fengi flokkurinn 15 þingmenn. Framsóknarflokkurinn nær kjölfylgi sínu og segjast 11,3

hringt var í 3.600 manns 20.-22. apríl á landinu öllu og voru svör þeirra vigtuð eftir fjölda í hverju kjördæmi. 75,3 prósent tóku afstöðu til spurningarinnar.

Fylgi stjórnmálaflokkanna

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins frá kosningum 2007 til 21. apríl 2009.



Tryggingastofnun Íslands: Unnið gegn bótasvikum

SAMFÉLAGSMÁL Á fundi eftirlitsdeilda tryggingastofnana á Norðurlöndum, sem haldinn var fyrr í mánuðinum, var lögð áhersla á að unnið yrði gegn bótasvikum. Svikin geti numið háum fjárhæðum svo eftir miklu sé að slægjast. Bótasvik felast sérstaklega í rangri skráningu á búsetu og hjúskap og rangri upplýsingagjöf sem leiðir til of hárra bótagreiðslna. Á undanfarnar árum hafa norrænu þjóðirnar lagt aukna áherslu á eftirlit með slíkum svikum. Á fundinum var lögð áhersla á að vekja stjórnmálamenn til umhugsunar um málið. Ekki væri vanþörf á í krepunni.

Bæjarstjórn Álftanes: Sveitarfélaginu sagt mismunað

SVEITARSTJÓRNIR Bæjaryfirvöld á Álftanesi segja sveitarfélagið bera hlutfallslega miklu meiri kostnað af fræðslu- og uppeldismálum og æskulýðs- og íþróttamálum en algengast sé meðal sveitarfélaga landsins.



SIGURÐUR MAGNÚSSON

„Þetta gerist þrátt fyrir greiðslur frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem samkvæmt lögum er ætlað að jafna aðstöðumun þeirra. Þessi mismunur er til staðar hvort heldur Álftanes er borið saman við landsmeðaltal eða miðað er við meðaltal á höfuðborgarsvæðinu sem ef til vill er eðlilegasta viðmiðið fyrir Álftanes, þar sem svæðið er eitt atvinnu- og þjónustusvæði,“ segir í frétt á heimasíðu Álftanes. - gar

Formaður Framsóknar inni

Framsóknarflokkurinn og Borgarahreyfingin fá einn kjördæmakjörinn mann inn í Reykjavík norður, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins. Sjálfstæðisflokkur og Vinstri græn fá tvo og Samfylking fjóra.

SKOÐANAKÖNNUN Samfylking er stærsti flokkurinn í Reykjavík-kjördæmi norður, samkvæmt nýrri skoðanakönnun Fréttablaðsins og Stöðvar 2. 33,0 prósent styðja flokkinn í kjördæminu og fengi flokkurinn þrjú kjördæmakjörna þingmenn. Flokkurinn fékk 29,2 prósent atkvæða í kosningunum 2007.

hreyfinguna. Frjálslyndi flokkurinn og Lýðræðishreyfingin hafa jafnmikið fylgi, 1,9 prósent, en hvorugur flokkur nær kjöri í kjördæminu.

Efnahags-, velferðar-, og menntamál eru mikilvægustu málín fyrir kjósendur í Reykjavík norður, en umhverfis- og samgöngumál hafa minnst vægi. Frá kosningunum 2007 hefur mikilvægi efnahags-, Evrópu-, fiskveiði- og velferðarmála aukist. Mikilvægi skattamála stendur í stað, en mikilvægi annarra mála minnkar.

Vinstri græn bæta við sig rúmum nú prósentustigum og segjast 26,2 prósent kjósa flokkinn nú. Vinstri græn myndu samkvæmt því fá 2 kjördæmakjörna þingmenn.


Hringt var í 600 manns í Reykjavík norður miðvikudaginn 22. apríl og skiptust svarendur jafnt eftir kyni. Spurt var; Hvaða lista myndir þú kjósa ef gengið yrði til kosninga í dag? Óákveðnir voru spurðir hvaða lista væri líklegast að þeir myndu kjósa. Þeir sem enn voru óákveðnir voru spurðir hvort væri líklegra að þeir myndu kjósa Sjálfstæðisflokkinn eða annan flokk. 78,3 prósent tóku afstöðu.

Sjálfstæðisflokkurinn fengi jafnmarga þingmenn og Vinstri græn, en 17,9 prósent segjast myndu kjósa flokkinn nú. 36,4 prósent kusu flokkinn í Reykjavík norður í alþingiskosningunum 2007.

Formaður Framsóknarflokksins nær kjöri, samkvæmt þessari könnun, þar sem 9,8 prósent styðja flokkinn. Borgarahreyfingin myndi einnig ná manni inn og segjast 8,9 prósent myndu kjósa

Fylgi stjórnmálaflokkanna í Reykjavík Norður

Samkvæmt könnunum Fréttablaðsins 22. apríl (Fylgi í % og kjördæmakjörin þingmenn)



Málefni í mikilvægisröð

Svarendur gáfu málaflokkum einkunn frá 1 til 5, þar sem 1 er mjög léttvægt en 5 mjög mikilvægt.

Efnahagsmál	4,76
Velferðarmál	4,34
Menntamál	4,06
Skattamál	3,94
Fiskveiðimál	3,68
Evrópumál	3,66
Umhverfismál	3,43
Samgöngumál	3,06



BORGARAHREYFINGIN (O)

1. Práinn Bertelsson
2. Katrín Snæhólm Baldursdóttir
3. Jóhann Kristjánss.
4. Anna B. Saari

FRAMSKÓKNARFLOKKURINN (B)

1. Sigmundur D. Gunnlaugsson
2. Ása Rut Jónsdóttir
3. Þórir Ingþórsson
4. Fanný Gunnarsdóttir

FRJÁLSLYNDI FLOKKURINN (F)

1. Karl V. Matthíasson
2. Helga Þórðard.
3. Karl Sigurðsson
4. Margrét Þorgrímsdóttir

LÝÐRÆÐISHREYFINGIN (P)

1. Ástþór Magnússon
2. Árni B. Guðjónsson
3. Bergur Þorgeirsson
4. Björn Elmar Guðmundsson

SAMFYLKINGIN (S)

1. Jóhanna Sigurðardóttir
2. Helgi Hjörvar
3. Valgerður Bjarnadóttir
4. Steinunn Valdís Óskarsdóttir

SJÁLFASTÆÐISFLOKKUR (D)

1. Illugi Gunnarsson
2. Pétur H. Blöndal
3. Sigurður Kári Kristjánsson
4. Ásta Möller

VINSTRI GRÆN (V)

1. Katrín Jakobsdóttir
2. Árni Þór Júlíusson
3. Álfheiður Ingadóttir
4. Auður Lilja Erlingsdóttir

Ræktun 2009

Ölfusshöllin föst daginn 24. apríl kl.20:00

Hrossaræktarsamtök Suðurlands

Ræktunarbú, afkvæmahópa, stóðhesta, hryssur

Upplýsingar í síma 866-1230 eða odinn@bssl.is

Miðaverð kr.2000 fritt fyrir 16 ára og yngri

VEÐURSPÁ

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

SKÚRIR EÐA ÉL Vetur og sumar frusu saman sem er ávísun á gott sumar samkvæmt þjóðtrú. Það kólnar heldur í veðri en hlýnar aftur á sunnudaginn. Horfur eru á rýsjóttu veðurfari áfram næstu daga. Við verðum því að sýna þolinmæði í bið okkar eftir sumrinu!

Á MORGUN Hæg breytileg átt víðast hvar.

SUNNUDAGUR Fremur hæg austlæg átt.

HEIMURINN

Alicante	22°
Bassel	14°
Berlín	20°
Billund	16°
Eindhoven	17°
Frankfurt	19°
Friedrichshafen	17°
Gautaborg	15°
Kaupmannahöfn	15°
Las Palmas	20°
London	17°
Mallorca	17°
New York	22°
Orlando	30°
Ósló	16°
París	18°
San Francisco	15°
Stokkholmur	14°

Vindhraði er í m/s. Hitastigi eru í °C. Gildistími korta er um hádegi.

Landsliðssteik á betra verði!

OPIÐ
til **20**
alla daga



HAGKAUP Grillkjöt
unnið í samstarfi við landsliðsmatreiðslumeistara

HAGKAUP MÆLIR MED

Grilllambalæri m/limbáttum

Landsliðsmatreiðslumeistara
Landsliðsmatreiðslumeistara er unnið í samstarfi við landsliðsmatreiðslumeistara. Þetta er einn af bestu matreiðslumeistara í landinu og hefur unnið gull og silfurverðlaunin á Evrópukeppni matreiðslumeistara. Þetta er einn af bestu matreiðslumeistara í landinu og hefur unnið gull og silfurverðlaunin á Evrópukeppni matreiðslumeistara.

Landsliðsmatreiðslumeistara
Landsliðsmatreiðslumeistara er unnið í samstarfi við landsliðsmatreiðslumeistara. Þetta er einn af bestu matreiðslumeistara í landinu og hefur unnið gull og silfurverðlaunin á Evrópukeppni matreiðslumeistara.

Landsliðsmatreiðslumeistara
Landsliðsmatreiðslumeistara er unnið í samstarfi við landsliðsmatreiðslumeistara. Þetta er einn af bestu matreiðslumeistara í landinu og hefur unnið gull og silfurverðlaunin á Evrópukeppni matreiðslumeistara.

á hætti landsliðsmatreiðslumeistara

ÓDÝRT Í HAGKAUP

GRILLAMBALÆRI HAGKAUPS
1.649 kr/kg.
Merkt verð 2.199.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP

1.491 kr/kg.
Merkt verð 1.988.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP

1.574 kr/kg.
Merkt verð 2.098.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP

1.949 kr/kg.
Merkt verð 2.998.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP

1.399 kr/kg.

Folldavöðvar marineraðir í Cajp's

Nautakótilettur að argentískum hætti

Piparsteik nautaaf

Kjúklingabringur lausfrystar

SÆTAR KARTÖFLUR
m/timjan

GRÆNMETI
Balsamikmarinerað

KARTÖFLUR
m/beikon

BERJABOMBA
m/kókosbollum

Sætar kartöflur m/timjan

Balsamikmarinerað grænmeti

Beikonfylltar kartöflur

Berjabomba m/kókosbollum

Tilbúið á grillið!

ÓDÝRT Í HAGKAUP

LA BAGUETTE
SNITTUBRAUÐ

399 kr/pk.
Verð áður 570.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP

JARÐARBER
500 gr.

399 kr/pk.

LAKKRÍS KONFEKT

299 kr/pk.

SÚKKULADI RÚSINUR

399 kr/pk.

HNETUBARINN
40%
afsláttur v/kassa

ÓDÝRT Í HAGKAUP

COKE 4PK
COKE, LIGHT, ZERO

599 kr/pk.
Verð áður 899.-

ÓDÝRT Í HAGKAUP

VÍNBER
GRÆN & RAUÐ

399 kr/kg.

ÓDÝRT Í HAGKAUP

GUACAMOLE
2 TEG.

399 kr/pk.

SS GRILLSALAT

299 kr/stk.

24 OPIÐ
Hagkaup ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

Gildir til 26. apríl á meðan birgðir endast.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð



Ættu frambjóðendur að upplýsa fyrir kosningar um þau fjárframlög sem þeir hafa fengið frá fyrirtækjum?

Já	87,3%
Nei	12,7%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fékkst þú sumargjöf?

Segðu skoðun þína á Vísir.is



Kosningar í Suður-Afríku: Zuma verður næsti forseti

SUDUR-AFRÍKA Nánast öruggt var talið að Afríska þjóðarráðið færi með sigur af hólmi í þingkosningum í Suður-Afríku þegar Fréttablaðið fór í prentun í gær.



JACOB ZUMA

Búið var við lokaniðurstöðum talningar seint í gærnótt eða í dag. Þegar um áttatíu prósentatkvæða höfðu verið talin hafði Afríska þjóðarráðið um 64 prósent fylgi.

Jacob Zuma, leiðtoga ráðsins, var fagnað vel af stuðningsmönnum sínum þegar hann kom opinberlega fram í Jóhannesborg í gær. Allt stefndi þá í að hann yrði næsti forseti landsins.

Varaformaður Vinstri grænna:

Leggjast ekki gegn olíumáli

STJÓRN MÁL „Við höfum ekki lagst gegn málinu,“ segir Katrín Jakobsdóttir, mennatmálaráðherra og varaformaður Vinstri grænna um afstöðu flokksins til olíuvinnslu á Drekasvæðinu. Flokkssystir Katrínar, Kolbrún Halldórsdóttir umhverfisráðherra, sagðist á Stöð 2 í fyrra kvöld telja olíuvinnslu í andstöðu við stefnu VG. Seinna það kvöld kvaðst Kolbrún hafa „lýst efasemdum“ með fyrirhugaða úthlutun leyfa til oluleitar. „Kolbrún er að minna á hagsmuni umhverfisins og það er eðlilegt að umhverfisráðherra geri það,“ segir Katrín sem aðspurð telur ekki að VG muni leggja gegn málinu síðar. „Ég lít ekki svo á að það verður auðvitað að vera í samræmi við okkar umhverfisskuldbindingar.“



Formenn bjartsýnir fyrir kosningarnar

Pótt gengi framboðanna til Alþingis sé misgott í könnun Fréttablaðsins eiga formenn þeirra sameiginlegt að vera bjartsýnir fyrir kosningarnar á morgun.

STJÓRN MÁL Formenn framboðanna til Alþingis eru allir bjartsýnir á gott gengi í komandi kosningum þrátt fyrir mismunandi útkomu í könnun Fréttablaðsins á fylgi flokka á landsvisu.

„Þessi niðurstaða er í samræmi við það sem ég finn, að fólk vilji að við verðum leiðandi afl í næstu ríkisstjórn,“ segir Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra og formaður Samfylkingarinnar, sem fær 31,8 prósent og 21 þingmann í könnun Fréttablaðsins.

Jóhanna segir að túlka megi niðurstöðuna þannig að stór hluti þjóðarinnar telji að Samfylking hafi lausnir fyrir fyrirtæki og heimili í landinu. „Við erum með áætlun um framtíðarlausn út úr þessum hremmingum. Könnunin sýnir einnig að fólk vill að lausnir nýfrjáls-hyggjunnar fari til hliðar á næstu árum og lausnir félagshyggju og jafnaðarstefnunnar verði settar í öndvegi,“ segir hún.

Vinstri grænir fá 24,1 prósent í könnunni og sextán menn á þing. „Þetta sýnir að það eru verulegar líkur á áframhaldandi velferðarstjórn eftir kosningar. Við erum auðvitað ánægð en höldum ró okkar,“ segir Katrín Jakobsdóttir, varaformaður VG.

„Ef kosningarnar færu svona bætum við við okkur tíu prósentustigum frá síðustu kosningum og værum orðin annar stærsti flokkurinn. Það yrðu auðvitað stórtíðindi en ég spyr bara að leikslokum,“ segir Katrín.

Óttast stefnu stjórnarflokka

„Auðvitað erum við Sjálfstæðismenn ekki ánægðir með hvar við erum að mælast þessa dagana en við erum bjartsýnir á að við munum skila í hús betri tölum heldur kannanir undanfarinna daga sýna,“ segir Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, sem könnun Fréttablaðsins gefur 21,9 prósent atkvæða og fimmtán þingmenn.

Bjarni segir hreyfingu vera á fylginu. „Ég skynja það frá frambjóðendum flokksins um allt land að fólk finnst það vera að koma betur og betur í ljós hvað ríkisstjórnarflokkarnir eru ósammála um mikilvæg mál sem skipta miklu fyrir

GEFA OFT GÓÐA MYND AF ÚRSLITUM

„Reynslan hefur verið sú að þær fylgiskannanir sem gerðar eru síðustu daga fyrir kosningar gefa oftast nær góða mynd af kosningaúrslitum. Stærstu tíðindin eru að vinstri flokkarnir virðast ætla að fá öruggan meirihluta, sem hefur aldrei gerst áður. Hingað til hafa þeir mest fengið 45 prósent fylgi árið 1978,“ segir Einar Mar Þórðarson stjórnmálafræðingur.

Að sögn Einars ætti fylgi Borgarahreyfingarinnar, sem fær 7,1 prósent fylgi og fjóra menn á þing í könnuninni, ekki að koma á óvart. „Fjórflokk-

Dregur úr útflutningi Japana: Halli á vöruskiptum í Japan

EFNAHAGSMÁL Halli var á vöruskiptum Japana í mars, sá fyrsti sem sést hefur þar í landi í 28 ár. Þrátt fyrir þetta voru vöruskipti jákvæð um ellefu milljarða jena í mánuðinum. Það jafngildir 14,6 milljörðum íslenskra króna.

Útflutningur dróst saman um 45,6 prósent og innflutningur um 36,7 prósent frá sama tíma í fyrra. Þetta er nokkurn veginn í samræmi við væntingar.

Mest munar um síminnkandi eftirspurn en áður eftir bílum og rafmagnstækjum í Bandaríkjunum og Evrópu eftir því sem efnahagskreppan hefur bitið fastar, að sögn Reuters-fréttastofunnar. - gar

HLUTHAFAFUNDUR

Stjórn Stoða (FL Group hf.) boðar hér með til hluthafafundar í félaginu sem haldinn verður fimmtudaginn 30. apríl 2009 kl. 17.00 á skrifstofum félagsins að Hátúni 2b, 2. hæð, 105 Reykjavík.

Dagskrá:

- Endurskipulagning fjárhags félagsins. Tillaga um að hluthafafundur Stoða álykti að stjórnendum félagsins verði falið að vinna áfram að endurskipulagningu fjárhags félagsins í samræmi við áætlun þar um.
- Tillögur stjórnar um breytingar á samþykktum félagsins:
 - Tillaga um að nafni félagsins verði breytt í Stoðir hf., breyting á 1. gr. samþykkt.
 - Tillaga um að færa heimilisfang félagsins, breyting á 2. gr. samþykkt.
 - Tillaga um lækkun hlutfjár félagsins að fullu og hækkun upp í lögbundið lágmark, breyting á 4. gr. samþykkt.
 - Tillaga um að veita stjórn heimild til að gefa út nýjan hlutflokk, breyting á 4. gr. samþykkt.
 - Tillaga um að breyta heimild stjórnar til að gefa út nýtt hlutfé, breyting á 4. gr. samþykkt.
 - Tillaga breytingar á boðun hluthafafunda, breyting á 4. kafla 8. gr. samþykkt.
 - Tillaga um að aðalfundi skuli halda fyrir lok ágúst mánaðar ár hvert, breyting á 9. gr. samþykkt.
 - Tillaga um að breyta samþykktum félagsins með því að setja númeraröð á kafla og málsgreinar samþykkt.
- Önnur mál.

Hluthöfum gefst kostur á að greiða atkvæði um tillögurnar bréflaga.

Atkvæðaseðlar eru fyrirbyggjandi á skrifstofu félagsins frá og með föstudegnum 24. apríl 2009 og þar er ennfremur hægt að greiða atkvæði. Þeir hluthafar sem þess óska skriflega fyrir föstudaginn 24. apríl 2009 geta fengið atkvæðaseðla senda. Bréflög atkvæði skulu berast á skrifstofu félagsins eigi síðar en kl. 16.00 miðvikudaginn 29. apríl 2009 eða

afhendað á hluthafafundinum sjálfum. Atkvæði verða talin á hluthafafundinum þann 30. apríl 2009 og verða einungis atkvæði þeirra hluthafa sem þá eru skráðir í hlutaskrá tekin með í atkvæðagreiðslunni.

Fundargögn, þ.m.t. tillögur stjórnar ásamt greinargerð, eru til sýnis á skrifstofu Stoða frá og með fimmtudegnum 23. apríl 2009 og verða send þeim hluthöfum sem þess óska.

Reykjavík, 22. apríl 2009
Stjórn Stoða (FL Group hf.)



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR SIGMUNDUR D. GUNNLAUGSSON HERBERT SVEINBJÖRNSSON BJARNI BENEDIKTSSON JÓHANNA SIGURDARDÓTTIR GUÐJÓN A. KRISTJÁNSSON ÁSTPÓR MAGNÚSSON

FRAM SOKN

FYRIR
OKKUR
ÖLL

Kosningarnar á morgun eru þær mikilvægustu í sögu íslenska lýðveldisins. Við þurfum að taka strax til hendinni og snúa efnahagsþróuninni við. Grásrót Framsóknar svaraði kalli um endurnýjun og leitaði nýrra leiða til að leysa þann vanda sem blasir við íslensku þjóðinni. Við leggjum fram ítarlegar hugmyndir að lausnum sem gefa einstaklingum og fyrirtækjum tækifæri til að snúa í gang hjólum efnahagslífsins og hefja uppbyggingu. Í þeim efnum er mikilvægast að stöðva fjöldagjaldþrot heimila og fyrirtækja með því að leiðrétta skuldir um 20%. Stærsta atvinnumálið er að tryggja íslenskum fyrirtækjum öruggt rekstrarumhverfi.

Ég bið um stuðning þinn, kæri kjósandi, í kosningunum á morgun. Fáir ég tækifæri til mun ég einhenda mér í aðgerðir sem leiða okkur út úr þeim ógöngum sem við höfum ratað í.

Á morgun færð þú tækifæri til að taka frumkvæði í þínar hendur og velja breytingar. Framsóknarflokkurinn býður skýran valkost – almennar lausnir sem virka og byggja á þeirri einföldu hugmyndafræði að með því að veita Íslendingum sjálfum svigrúm til að vinna sig út úr vandanum, með dugnaði og atorkusemi, verði þjóðinni best borgið.


Sigmundur Davíð Gunnlaugsson

- Leiðréttum skuldir heimilanna
- Stöðvum efnahagshrunið
- Endurreisum efnahagslífið
- Byggjum upp fjölbreytt atvinnulíf
- Þjóðum sumarannir fyrir námsmenn
- Tryggjum öflugt velferðarkerfi
- Semjum nýja stjórnarskrá sem undirstöðu fyrir nýtt Ísland

framsokn.is



FRAMSÓKN

VEISTU SVARID?



1. Hvaða eldsneyti notar bóndinn í Efra-Seli við Flúðir á traktorinn sinn?
2. Hver er nýkjörinn formaður Bláðamannafélags Íslands?
3. Hvað heitir handboltaliðið sem Alfreð Gíslason þjálfar og er Þýskalandsmeistari?

SVÖRIN ERU Á Síðu 34

Illugi segir menn allt of upptekna af styrkumræðu í stað málefna:

Upplýsir ekki um styrki sína

STJÓRN MÁL Illugi Gunnarsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vill hvorki játa né neita því að hann hafi fengið háa styrki frá FL-Group og Baugi. Hann segir vel koma til greina að setja reglur um að upplýsingar verði gefnar um styrki, en í þeim efnum verði eitt yfir alla að ganga.

„Um þessar reglur giltu ákveðnar reglur á sínum tíma og það mun aldrei ganga að hægt sé að benda á ákveðna einstaklinga og segja: Þú átt að birta þitt. Ef menn ætla sér að gera þetta öðruvísi en lagt var upp með verður það að gilda fyrir alla og allir að taka þátt í því. Mennt mega ekki gleyma því að



Í KOSNINGABARÁTTU Illugi grillaði pylsur ofan í gesti í Laugardalnum í gær. Hann mun ekki upplýsa um styrki til sín nema settar verði almennar reglur sem gangi yfir alla.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

til þess var ætlast og þannig á það að vera að það séu bæði fyrirtæki og einstaklingar sem styðja stjórn-

málaflokka og þá sem eru í prófkjörum þannig að það er í sjálfu sér ekkert óeðlilegt við það. Aðalatriðið er að það verður jafnt yfir alla að ganga og ekki bara þá síðasta prófkjör. Ég mundi miða við árið 2001 og þá náum við borgarstjórnarkosningum inn og svo þarf að skoða önnur kjördæmi.“

Illugi segir þörf á að ræða brýnni mál. „Hvernig á að endurreisa íslenskt atvinnulíf og koma ríkissjóðnum á réttan kjöl? Hvort skattar eigi að fara upp eða niður og hvort menn hafi staðið sig vel í að ná vöxtum niður. Þetta eru stóru málín sem við eigum að taka afstöðu til á laugardag.“

- kóp

Óbreytt afstaða meirihluta:

Bitruvirkjun enn á dagskrá

REYKJAVÍK Fulltrúar meirihluta borgarstjórnar áréttuðu að þeir hefðu ekki fallið frá stefnu sinni um að rannsóknir vegna Bitruvirkjunar fari fram. Það sé stjórnar Orkuveitunnar að ákveða hvenær þær hefjist þegar aðstæður leyfa og þörf er á.

Tilfnið var fyrirspurn Ólafs F. Magnússonar, en hann hefur lagt til að fallið verði frá áformum um virkjunina. Í bókun vegna svars meirihlutans segir Ólafur svarið vera útrúning. Ljóst sé að engar forsendur séu fyrir því að halda áfram með Bitruvirkjun. Þess vegna sé ekkert að vanbúnaði að slá virkjunina af.

- kóp

MÝRDALSHREPPUR

Þúsund metra hola í Vík

Íslenskar orkurannsóknir telja að við leit á heitu vatni fyrir Vík í Mýrdal megi vænta árangurs af skáborun undir Hrafnatindabrekku sem skera myndi sprungukerfi á um eða yfir 1000 m dýpi. Sveitarstjórnin ætlar að láta vinna kostnaðaráætlun og hagkvæmniútreikninga.

DÓMSTÓLAR

Kýldi bæjarstarfsmann

Hafnfirðingur á fimmtugsaldri hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni. Hann er sakaður um að hafa kýlt starfsmann Fasteignafélags Hafnarfjarðar í höfuðstöðvum þess „þannig að blæddi úr vinstra munnviki hans,“ að því er segir í ákæru.

LÖGREGLUFRETTIR

Kvartað undan vélhjólum

Nokkuð hefur verið kvartað til lögreglu upp á síðkastið undan vélhjólum sem koma reglulega saman við Ingólftorg. Þaðan berist oft mikill hávaði þegar vélhjólafólkið þenur hjól sín. Lögregla segir að þarna sé um fámennan hóp að ræða sem skemmi fyrir hinum.

AUSTURRÍKI

Eldsvoði í fornri höll

Slökkvilið Salzburg í Austurríki barðist á mánudagskvöld við eldsvoða í Arenberg-kastala, sem upprunalega var reistur á fjórtánda öld. Höllin sem nú stendur á kastalagrunninum var reist eftir að gamli kastalinn brann árið 1814. Hún hýsir nú Bandarísk-austurrísku stofnunina.

Gagnrýna leynd um verðmat bankaeigna

Formenn Sjálfstæðis- og Framsóknarflokks gagnrýna að ekki hafi verið greint frá verðmati á eignum bankanna. Bráðabirgðamat hefur legið fyrir í viku. Horfum fram á algjört hrun sé niðurstaðan slæm, segir formaður Framsóknar.

EFNAHAGSMÁL Bjarni Benediktsson, formaður Sjálfstæðisflokksins, og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Framsóknarflokksins, gagnrýna að þeir og almenningur hafi ekki fengið að sjá upplýsingar um verðmat þeirra eigna sem fluttar voru úr þrotabúum gömlu bankanna til að mynda efnahag þeirra nýju. Sigmundur segir að upplýsingum um raunverulegt ástand mála í þjóðfélaginu sé haldið frá almenn- ingi.

Endurskoðunarfyrirtækið Deloitte lauk bráðabirgðaverðmati á bönkunum þremur fyrir viku. Í tilkynningu Fjármálaeftirlitsins segir að í skýrslunni sé of mikið af verðmyndandi upplýsingum til að hægt sé að birta hana opinberlega að sinni.

Til stendur að kynna skýrsluna fulltrúum bankanna, skilanefndum um gömlu bankanna, kröfuhöfum og öðrum samningsaðilum. Að því loknu verður haldinn fundur sem opin verður breiðari hópi kröfuhafa. Upphaflega stóð til að upplýsingarnar lægju fyrir opinberlega um miðjan apríl.

Sigmundur Davíð segir undarlegt að það hafi ekki staðist. „Ríkisstjórnin virðist ekki ætla sér að upplýsa þjóðina um raunverulegt ástand efnahagsmála fyrir kosningar,“ segir hann. „Þetta er nátegt því.“ Hann segir að þótt í skýrslunni séu eflaust verðmyndandi



FORMENNIRNIR Bjarni Benediktsson og Sigmundur Davíð Gunnlaugsson gagnrýna að upplýsingum um verðmat á eignum úr gömlum bönkunum hafi verið haldið leyndum.

upplýsingar mætti birta almenn- ingi heildarniðurstöðuna án þess að greina frá einstökum lánum eða mati á tilteknum fyrirtækjum.

„Það eru aðalupplýsingarnar. Þær segja okkur hvernig menn meta ástandið hérna næstu mánuðina vegna þess að það gefur til kynna hversu mikið menn gera ráð fyrir að tapist. Ef það er áætlað að helmingur útlána sem flutt eru frá gömlu bönkunum yfir í þá nýju tapist, þá er það til marks um að menn horfi hér fram á algjört efnahags- hrun,“ segir Sigmundur.

Bjarni segist hafa skilning á því að í skýrslunni séu viðkvæm-

ar upplýsingar. „En það er ljóst að það hefur ekki verið staðið við það gagnsæi í þessu máli sem að var stefnt,“ segir hann. Mjög ríði á að ljúka verðmati á bönkunum og endurfrjálmögnun þeirra í kjölfarið.

Hann segir vonbrigði að ríkisstjórnin hafi ekki deilt með þinginu þeim upplýsingum sem hún bjó yfir um málið. „Því það eru vís- bendingar um að þetta verði eitt lakasta eignasafn sem menn hafa séð hjá vestrænu ríki í áratugi,“ segir hann.

EKKI NÁÐIST Í Gylfa Magnússon viðskiptaráðherra.

stigur@frettabladid.is

THULE SWEDEN Hjólafestingar

Stilling

Stilling hf. • Sími 520 8000 • www.stilling.is • stilling@stilling.is

Leyfum börnunum að leika sér



Opinn dagur hjá Keili, laugardaginn 25. apríl kl. 12-17

Hjá Keili er frábær aðstaða fyrir barnafólk, jafnt í leikskólanum sem sameiginlegri aðstöðu fyrir íþróttir, leiki og afmælisveislur. Sjón er sögu ríkari! Skemmtileg dagskrá fyrir alla fjölskylduna.



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs



ÞESSI RÖDD VERÐUR AÐ HEYRAST ÁFRAM

Guðjón Arnar, formaður Frjálslynda flokksins, hefur barist fyrir leiðréttingu á óréttlátu kvótakerfi síðastliðin 10 ár.

Fyrir hverjar kosningar lofa forystumenn hinna flokkanna að gera breytingar á kerfinu en ekkert hefur orðið úr efndum. Nái Frjálslyndi flokkurinn ekki kosningu er baráttan til einskis.

Það verður því enginn sem talar um leiðréttingu á sjálfsögðum réttindum þeirra sem vilja stunda fiskveiðar við Ísland, að rétta þurfi hlut minni byggða landsins og að eðlileg nýliðun verði í sjávarútvegi.

**Margir vilja að rödd Frjálslynda flokksins þagni.
Vilt þú að þeim verði að ósk sinni?**

Kjóstu F!
forysta fyrir íslenska þjóð



Frjálslyndi flokkurinn

www.xf.is

Ég vil borga 60 þús. á mánuði í stað 120 þús.


Þess vegna kys ég Sjálfstæðisflokkinn
- Hrafnhildur Björk Baldursdóttir



50% leiðin:

Okkar leið er að lækka afborganir af húsnæðislánum um helming í þrjú ár, hækka þær smám saman aftur í ríflega upphaflega tölu og lengja lánstímann lítillega.

Þetta er sanngjörn og raunhæf leið sem gagnast flestum.



GÖNGUM HREINT TIL VERKS
SJÁLFSTÆÐISFLOKKURINN

XD

„ORÐRÉTT“

Í alvöru?

„Frómurum finnst ekki gaman að láta lemja sig. Við vitum að það pirrar þá.“

FREYR BRYNJARSSON, LEIKMÆÐUR HAUKA, UNDIRBYR SIG FYRIR ODDALEIK Í UNÐANÚRSLITUM ISLANDSMÓTSINS Í HANDBOLTA.

Visir, 23. apríl

Ekki veitir af

„Þó staða hans [Sjálftæðisflokksins] í skoðanakönnunum sé afleidd má reikna með að veðrið hjálpi eitthvað.“

SIGURÐUR H. RAGNARSSON SPÁIR Í ÚRSLIT KOSNINGANNA OG VEÐURFARIÐ Á KJÖRDAG

Visir, 23. apríl

tilveran

nær og fjær

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? TINNA KRISTJÁNSDÓTTIR VERSLUNARSTJÓRI

Grasekkja á Pee-wee Herman-hjólí

„Í augnablikinu er ég að borða normalbrauð með útrunninni kæfu og það verður spennandi að sjá hver útkoman úr því verður. Annars á ég heima á Facebook þessa dagana. Þar unni ég mér við að uppfæra statusinn minn og njósna um fólk,“ segir Tinna Kristjánsdóttir, verslunarstjóri Bókabúðarinnar Bergstaðastræti.

Tinna segist einnig nýta samskiptavefsíðuna vinsælu til að drekkja sorgum sínum.

„Þannig er mál með vexti að við erum þrjár vinkonur sem ákváðum að gifta okkur á Facebook í stað þess að standa í einhverju kvennastandi utan netsins. Eiginkonurnar eru báðar farnar af landi brott, önnur til London og hin til Los Angeles, og þess vegna er ég sorgmædd grasekkja í dag,“ segir Tinna og hlær.

Tinna starfar í Bókabúðinni Bergstaða-

stræti og hverfur gjarnan á vit bókanna í söknudi sinum. „Í svona ástandi finnst mér gott að sökkva mér ofan í alfræðiorðabók um ríffla og sjálfs-hjálparbækur. Svo dansa ég eins og ég eigi lífið að leysa, í vinnunni, á skemmtistöðum og hvar sem gólfpláss finnst, ásamt því að syngja með nýstofnaðri hljómsveit. Svo tek ég mér reglulega ferð úr Kópavoginum í siðmenninguna í Sundlaug Vesturbæjar.“

Tinna hefur sett stefnuna á að komast í leiklistarnám erlendis. „Ég hugleiði mikið hvernig ég geti aflað mér aura til að komast í námið. Ef einhver hefur áhuga á að fjármagna þennan draum minn er viðkomandi meira en velkomni að leggja inn á mig. En núna ætla ég drífa mig að láta laga Pee-wee Herman-hjólí mitt. Gleðilegt sumar!“ segir Tinna.


POL POT
SLAPP UNÐAN RÉTTVÍSI

Leitotgi Rauðu khmeranna í Kambódíu gekk undir nafninu Pol Pot, en hét réttu nafni Saloth Sar. Hann var leitotgi khmeranna í stjórnartíð þeirra sem hófst árið 1963. Talið er að ógnarstjórn khmeranna hafi valdið dauða um fjórðungs Kambódíumanna, 750 þúsunda til 1,7 milljóna manna. Vietnamskar hersveitir frelsuðu landið úr höndum khmeranna árið 1979, en Pol Pot slapp undan réttvísinni. Honum var steipt af stóli sem leitotgi Rauðu khmeranna, sem héldu til í frumskógum Kambódíu, og lést í haldi fyrrverandi félaga sinna árið 1998.



882 á framboðslistum

Sjö flokkar og hreyfingar bjóða fram í öllum kjördæmum í alþingiskosningunum á morgun. Talsvert fleiri karlar en konur eru á listum. Nemar eru fjölmennasta einstaka stéttin í framboði. Yngsti framboðandinn er nýorðinn átján en þeir elstu eru á 86. aldursári.

Samtals eru 882 á framboðslistunum 42 sem boðnir eru fram í kjördæmunum sex. Átján til 24 eru á hverjum lista en fjöldinn ræðst af fjölda kjósenda – og þar með þingmanna – í hverju kjördæmi.

Samantekin kynjaskipting á framboðslistunum er konum í óhag. Þær eru 355 á móti 527 körlum. Hlutföllin eru rúm 40 prósent á móti tæpum 60 prósentum. Meira jafnræði var með kynjunum hvað þetta áhræfir í kosningunum 2007.

Karlar eru í oddvitasættum 30 lista en konur tólf.

Aldurinn

Tæp sjötíu ár skilja að yngsta og elsta framboðandann. Yngst er Ingibjörg A. Jónsdóttir nemi sem skipar tíunda sætið á lista Lýðræðishreyfingarinnar í Norðausturkjördæmi. Hún varð átján ára fyrir tuttugu dögum. Elstur er hins vegar Tómas Árnason, fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, sem er í heiðursæti hjá Framsóknarflokkinum í Reykjavík suður. Tómas er fæddur í júlí 1923 og er því á 86. aldursári. Þremur vikum yngri en Tómas er Páll Bergþórsson veðurfræðingur sem er í 21. sæti VG í Reykjavík norður.

Jafngömul Ingibjörgu, fædd 1991 en fyrr á árinu en hún, eru fjórir framboðendur. Guðný Rut Hafsteinsdóttir, Ragnheiður



ÁUDIR STÓLAR Kosið er til 63 lausra þingsæta í alþingiskosningunum á morgun.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

VÍGÖRÐ FRAMBOÐANNA

Borgarahreyfingin - Þjóðin á þing
Framsóknarflokkurinn - Fyrir okkur öll
Frjásl. fl. - Forysta fyrir íslenska þjóð
Lýðræðishr. - Þitt atkvæði á þing
Samfylkingin - Vinna og velferð
Sjálfst.fl. - Göngum hreint til verks
VG - Vegur til framtíðar

Svava Þórólfsdóttir og Már Más-son Maack eru öll á lista Lýðræðishreyfingarinnar en Ottó Marvinn Gunnarsson er í framboði fyrir Frjálslynda flokkinn.

Stéttirnar

Allir eru yngstu framboðendurnir nemar og þar með í hópi fjölmennustu stéttarinnar í framboði. Alls eru 93 nemar á listum. 76 kennarar og annað skólafólk er í framboði. Annars leiðir athugun á starfsheimum framboðenda í ljós að 35 starfa við sjávarútveg, 32 við landbúnað og 21 tilheyrir heilbrigðisstéttum. 31 framkvæmdastjóri er á lista.

Ógrynni starfsheita og titla

bregður fyrir á framboðslistunum. Flest er það hefðbundið en annað síður. Gunnar Þór Björgvinsson er til dæmis þjóðfélagsþegn, Gunnar Sigfússon er forseti nemendafélags, Kristín Ósk Ómarsdóttir er fósturforeldri, Karl Löve er þúsundþjalasmiður og Trausti Jósteinsson er götu-hlaupari með meiru.

Við lauslega skoðun sést að þrjár á framboðslistunum eru búsettir í útlöndum. Einn í Genf, annar í Brussel og sá þriðji í Ósló.

Möguleikarnir

Af þeim sextíu og þremur sem nú sitja á þingi eru 43 í því sem segja má að séu líkleg þingsæti. Þeir ná aldrei allir kjöri og því ljóst – eins og jafnan fyrr – að dágóður hópur manna þarf að finna sér nýjan starfsvettvang eftir kosningar.

Tuttugu og tveir nýliðar hlutu kosningu 2007.

Tuttugu af þeim sem sátu á kjörtímabilinu sem nú er að ljúka hattu annaðhvort af sjálfsdáðum eða féllu í prófkjörum.

HOKIN AF REYNISLU Í HEIÐURSSÆTUNUM

Það hefur lengi verið hefð í stjórnmálaflokkunum að stilla fyrrverandi foringjum eða fólki á leið úr pólitíkinni í heiðursæti framboðslista. Framsókn og sjálfstæðismenn halda þá hefð í heiðri.

Í fimm af sex heiðursættum Framsóknarflokksins eru fyrrverandi þingmenn og ráðherrar og eru þrjár þeirra þrjár fyrrverandi flokksformenn. Samtals á heiðursættafólk Framsóknar að baki 88 ár á þingi og 33 ár í ráðherraembættum. Í heiðursættunum sitja Magnús Stefánsson, Valgerður Sverrisdóttir, Guðni Ágústsson, Steingrímur Hermannsson og Tómas Árnason sem öll voru þingmenn og ráðherrar. Auk þeirra er Valdimar K. Jónsson prófessor í heiðursæti.

Sjálfstæðisflokkurinn býður betur en Framsókn í þessum efnun því þar á bæ er þingreynslan samtals 92 ár og ráðherrareynslan 42 ár. Fjórir láta af þingmennsku við kosningarnar nú, þeir Árne M. Mathiesen, Björn

Bjarnason, Geir H. Haarde og Sturla Böðvarsson. Þar er líka Salome Þorkelsdóttir sem var á þingi um árabil og svo Helgi Ólafsson rafvirkjameistari.

Samfylkingin er talsverður eftirbátur áður nefndra tveggja flokka en státar samt af töluverðri þingreynslu, samtals 43 árum. Ráðherrareynslan er bara tvö ár. Í heiðursættunum sitja Gunnar Svavarsson, Ingibjörg Sólrún Gísladóttir og Lúðvík Bergvínsson sem öll hætta á þingi nú, Karvel Pálmason, fyrrverandi alþingismaður, og Vilhjálmur H. Pálsson, fyrrverandi íþróttakennari, og Grétar Þorsteinsson, fyrrverandi forseti ASÍ.

Í heiðursættum VG eru tveir fyrrverandi þingmenn, þær Kristín Halldórsdóttir og Málfríður Sigurðardóttir. Eiga þær saman að baki fjórtán ár á þingi. Aðrir eru Guðbrandur Brynjúlfsson bóndi, Karl G. Sigurbjörnsson, fyrrverandi skipstjóri, Einar Laxness sagnfræðingur og Margrét Guðnadóttir veirufræðingur.

Frjálslyndi flokkurinn hefur einn varapingmann og einn fyrrverandi varapingmann í heiðursæti, þau Þórunni Kolbeins Matthíasdóttir og Pétur Bjarnason. Að auki eru í heiðursættum Egill Guðlaugsson garðyrkjubóndi, Guðmundur Óskar Hermannsson veitingamaður, Kjartan Halldórsson atvinnurekandi og Sophaporn Sandra Arnórsdóttir húsmóðir.

Engin þingreynsla er á listum Borgarahreyfingarinnar, hvorki í heiðursættum né öðrum sætum. En í heiðursættunum sitja Erna María Ragnarsdóttir athafnakona, Eva Ásmundsdóttir námsmaður, Fríðjón Björgvin Gunnarsson, fyrrverandi framkvæmdastjóri, Hörður Ingvaldsson verslunarmaður, Sigurður Stefánsson nemandi og Sveinbjörn S. Herbertsson járnsmiður.

Lýðræðishreyfingin raðar ónúmerað á lista og því engin eiginleg heiðursæti hjá henni.

Miele

www.eirvik.is

Sparaðu með Miele

Miele þvottavélar hafa verið framleiddar í yfir hundrað ár.

Miele þvottavélar eru framleiddar til að endast.

Íslenskt stjórnborð - Stórt hurðarop

Íslenskar leiðbeiningar - 20 ára ending

TILBOÐ

Þvottavélar - Verð frá kr. 154.995

Purrkarar - Verð frá kr. 129.995



Kynntu þér málið hjá sölumönnum Eirvíkur

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Sími 588 0200 | www.eirvik.is

VÍSIR.IS
„...ég sá það á vísi“

Frægir í framboði

Lengi vel lögðu flokkarnir nokkurt kapp á að flagga þjóðþekktum einstaklingum neðarlega á listum sínum. Heldur hefur dregið úr því með árunum en nokkra þekktu má þó finna ef vel er rýnt.

Á listum hjá Sjálfstæðisflokknum eru fótboltamennirnir **Pétur Hafliði Marteinsson** og **Þórður Guðjónsson** og handboltamennirnir Sigurbergur Sveinsson og Sigfús Sigurðsson. Þar er líka Dís í World Class, myndlistar- og tónlistarmaðurinn Pjetur Stefánsson og Elin Ósk Óskarsdóttir óperusöngkona.

Samfylkingin er með fótboltamennina Arnar Grétarsson og **Pétur Georg Markan** á sínum listum, **Silju Úlfarsdóttur** frjálts-

íþróttakonu og óperusöngvarann Jóhann Friðgeir Valdimarsson.

Dágóður hópur listamanna er í framboði fyrir VG. Má þar nefna rithöfundana Kristínu Helgu Gunnarsdóttur, Einar Má Guðmundsson, **Guðrúnu Evu Mínervudóttur** og Kristján Hreinsson. Þar er líka tónlistarfólkið **Heiða í Unun**, Ellen Kristjánsdóttir og Erpur Eyvindarson auk Kolfinnu Baldvinsdóttur fjölmiðlakonu.

Leikararnir **Hjálmar Hjálmarsson** og Valgeir Skagfjörð eru í framboði fyrir Borgarahreyfinguna og sitja raunar ofarlega á listum en **Ásgeir Davíðsson**, Geiri á Goldfinger, er á lista Lýðræðishreyfingarinnar.



HERÐUBREIÐ Þannig leit þetta tignarlega fjall út í blíðunni í gærmorgun þegar Björn fór upp á sleðanum.

Á snjósleða á Herðubreið:

Leið eins og konungi

„Það gekk býsna vel að komast upp en þetta er náttúrulega mjög bratt og þetta er löng brekka þannig að maður þurfti nú að taka svolítið á því,“ segir Björn Böttvarsson



BJÖRN BÖTTVARSSON

Mývetningur sem síðastliðinn þriðjudag fór upp á toppinn á Herðubreið á vélsleða og er það í fyrsta sinn sem farið er upp á fjallið með þeim hætti.

„En þetta var svo sem aldrei neitt hættuspil

enda er ég búinn að fara langleiðina áður þótt ég hafi aldrei farið alla leið upp. Ég er búinn að vera að gefa henni [Herðubreið] auga í svona fimm ár.“

En hvernig tilfinning er svo að vera þarna uppi eftir átökin? „Manni líður náttúrulega alveg eins og kóngi,“ svarar hann. „Það var logn og útsýnið alveg geggjáð svo ég tók mér smá tíma til að njóta þess að vera þarna.“

Björn fór við fjórða mann á sleðum að fjallinu en fór aleinn á tindinn. Björn lagði af stað frá bernskustöðvum sínum í Gautlöndum í Mývatnssveit um klukkan sjö í gærmorgun og var kominn á toppinn um klukkan níu. - jse

Sveitarstjóri Djúpavogs:

Setur saman stöku um dópmálið

„Menn voru eitthvað að tala um að þetta gæti komið óorði á Gleðivíkina svo ég ákvað að setja þetta saman,“ segir Björn Hafþór Guðmundsson,

sveitarstjóri Djúpavogs, en fíkniefnum var komið þar á land í dópmálinu um síðustu helgi. Stakan hljóðar svona: Gjalfrar alda í Gleðivík / glampar hlein í fjöru / fól ei verða fíkn á



BJÖRN HAFÞÓR GUÐMUNDSSON

rík / fá að hanga í snöru. „Ég tek það þó sérstaklega fram að ég er ekki hlynntur dauðarefsingum en kemst svona að orði um að réttlætinu verði fullnægt.“

Björn Hafþór segir Djúpavogsbúa eiga von á nokkrum skemmtiferðaskipum í sumar en því miður er of grunnt í Gleðivík til að þau geti lagst þar að bryggju. - jse



 **Samfylkingin**

ESB snýst um vinnu og velferð

Það þarf að vera algjört forgangsverkefni nýrrar ríkisstjórnar að hefja aðildarviðræður við Evrópusambandið. Okkur ber skylda til að láta reyna á þennan möguleika til að tryggja íslenskum fjölskyldum og fyrirtækjum sömu kjör og best gerast í Evrópu. Viðræður eru mikilvægt skref. Að þeim loknum hefur þjóðin svo síðasta orðið í atkvæðagreiðslu um niðurstöðuna.

Við erum sammála helstu samtökum launafólks og atvinnurekenda um kosti aðildar að ESB:

- Hraðari endurreisn
- Lægri vextir
- Afnáam verðtryggingar
- Stöðugur gjaldmiðill
- Meira frelsi til náms erlendis
- Afnáam gjaldeyrishafta
- Fjölbreyttari atvinnusköpun
- Fullt forræði þjóðarinnar yfir auðlindum
- Öflugri velferðarþjónusta

Evrópusambandið er náð samstarf 27 fullvalda ríkja um eflingu raunverulegra lífsgæða og hugsjóna lýðræðis og jafnréttis. Við teljum að Íslendingar eigi fullt erindi í þetta samstarf því það mun tryggja að endurreisnin á Íslandi verði á traustum grunni.

www.xs.is

Vinna og velferð
XS



KJÓSUM NORRÆNT

Með aðkomu Vinstri grænna að ríkisstjórn hófst endurreisn íslensks samfélags. Á aðeins 80 dögum höfum við tekist á við brýnustu vandamálin sem fyrri ríkisstjórnir skildu eftir sig, en margt er enn ógert. Nú biðjum við um tækifæri til að takast á við verkefni sem framundan eru af sömu ábyrgð og við höfum gert hingað til.

Á morgun kjósum við um forgangsroðun í því uppbyggingarstarfi sem framundan er. Við viljum forgangsraða í þágu velferðar og menntunar. En þessar kosningar snúast líka um heiðarleika og ábyrgð. Einu getum við lofað: Vinstri græn munu koma hreint og heiðarlega fram – segja *fyrir* kosningar hvað við viljum gera *eftir* kosningar.



VELFERÐARSAMFÉLAG

Stefna okkar er skýr. Við viljum skapa velferðarsamfélag í norrænum anda upp úr rústum þess sem hrundi í haust. Til að komast í gegnum erfiðleikana framundan og byggja aftur upp samfélag á nýjum grunni þurfum við trausta velferðarsinnaða ríkisstjórn – velferðarstjórn. Slíka ríkisstjórn viljum við mynda eftir kosningar.

Nú leggjum við okkur öll undir og óskum eftir þínum stuðningi.

Katrín Jakobsdóttir,
varaformaður VG

Steingrímur J. Sigfússon,
formaður VG



VINSTRI GRÆN
–vegur til framtíðar
www.vg.is

Þjóðin stendur frammi fyrir sögulegu vali.

Urðarsel eða Fjörðurinn

AUÐUNN ARNÓRSSON SKRIFAR

Þá voru falleg sólarlöggin í Urðarseli. Svo mælti Bera í Sjálfstæðu fólki, er Bjartur var að flosna upp frá Sumarhúsum. Og Bjartur valdi frekar að freista þess að draga fram lífið þar uppi á heiði en að fara í Fjörðinn, eins og skynsemin boðaði.

Íslendingar standa nú frammi fyrir hliðstæðu vali.

Annar valkosturinn er þessi: að láta „bjartskt“, skynsemisneytt stolt og eðlislæga einangrunarhyggju eyjarskeggjans hafa yfirhöndina og reyna að láta eins og íslenska krónan sé enn þá nothæf mynt, þótt það kosti að stórdragi úr utanríkisviðskiptum, hér verði haftabúskapur varanlegur, vextir haldist háir, fyrirtæki hafi ekki aðgang að lánsfé og neyðist því ýmist til að hætta starfsemi eða flytja úr landi. Það myndi fjöldinn allur af fólki líka gera, ekki sízt það sérhæfðasta og menntaðasta. Eftir stæði einangrað samfélag sem byggði afkomu sína á hálfgerðum sjálfþurftarbúskap með tilheyrandi rýrnun líf skjara.

Fái skynsemin að ráða og Íslendingar velji frekar Fjörðinn en Urðarsel er ekki þar með sagt að vandamálin séu að baki.

Hinn valkosturinn er þessi: að sækja um aðild að félagsskap annarra Evrópuþjóða samkvæmt þeim leikreglum sem þær hafa komið sér upp og ber nú nafnið Evrópusambandið. Strax með ákvörðun um að setja stefnuna á aðildarumsókn gæfu Íslendingar skýr skilaboð til umheimsins um að þeir hygðust ekki láta hina eðlislægu einangrunarhyggju eyjarskeggjans hafa yfirhöndina, heldur sýndu þeir metnað til að eiga samleið með næstu grunnþjóðum sínum og öðrum þjóðum álfunnar í að finna leiðir út úr kreppunni. Því að finna þær leiðir er viðfangsefni sem á tímum hnattvæðingar verður ekki leyst með því að hvert og eitt þjóðríki reyni að loka sig af í þeirri trú að þannig geti þau einangrað sig frá verstu áhrifum kreppunnar. Heldur einmitt hið gagnstæða; þjóðir heims, og þá sérstaklega þær sem sameinast hafa um hinn sameiginlega innri markað Evrópu, verða að taka saman höndum um vænlegustu leiðirnar út úr kreppunni.

Fái skynsemin að ráða og Íslendingar velji frekar Fjörðinn en Urðarsel er ekki þar með sagt að vandamálin séu að baki. Það þarf líka að hafa fyrir hlutunum í Firðinum. En svo fremi sem Íslendingar hafi þá trú á eigin getu til að gæta hagsmuna sinna um leið og þær fara að þeim leikreglum sem þjóðir Evrópu hafa sameinast um, þá er litlu að kvíða.

„Bjartur og slíkir menn eru þeir frjálsbornu íslendingar sem íslenskt sjálfstæði og íslenskt þjóðerni byggðist á í fortíðinni og mun byggjast á í nútíð og framtíð,“ skrifar Nóbelskálidið um þessa þekktustu persónu sína. En því „bjartska“ sjálfstæði og frelsi lýsir hann svo ógleymanlega í næstu setningu, þar sem Rósa er spurð hvernig hún kunnir við sig í heiðardalnum: „Það er náttúrulega ósköp frjálst, sagði hún og saug uppí nefið.“ Kveðum Bjart í kútinn. Kjós sum evrópsk líf skjör, evrópska framtíð.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf.

RITSTJÓRAR: Jón Kaldal jkal@frettabladid.is og Þorsteinn Pálsson thorsteinn@frettabladid.is ABSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ÍSSN 1670-3871

Ný sumardekk
Dekkjakskipti



Sparaðu, láttu skipta um dekk hjá Max1

Umfelgun og ný dekk á góðu verði

Umfelgun og jafnvægisstilling á 4 fólksbiladekkjum á 12–16 tommu stálfelgum **6.458 kr.** Kaupu sumardekkinn hjá Max1 á góðu verði. Spyrðu okkur hvað við getum gert meira fyrir þig.

Við erum góðir í að gera hlutina fljótt og vel og ódýrt – skoðaðu: www.max1.is

Reykjavík, sími 515 7190: Bildshöfða 5a, Bildshöfða 8, Jafnaseli 6, Knarrarvog 2. Akureyri, sími 462 2700: Tryggvabraut 5. Skoðaðu www.max1.is

MAX1
BÍLAVAKTIN

FRÁ DEGI TIL DAGS

Netbólan

Stjórnmalámmenn margir hverjir ætla seint að læra inn á Netið og er ekki örgrann um að manni finnst stundum sem þeir haldi að Netið sé bara bóla sem springi brátt. Í það minnsta ætla þeir seint að læra að maður setur ekki upp heimasíðu rétt á meðan maður er í prófkjöri eða kosningum og uppfærir síðan ekki meira. „Það er margt skemmtilegt við starf stjórnmalámmannsins. Eitt af því er að standa í kosningabaráttu, maður hittir mikið af fólki af öllum stærðum og gerðum. Síðustu daga hef ég gengið í hús í borginni og fært þeim sem ég hitti rauða rós með góðri kveðju frá okkur í Samfylkingunni.“ Svo heilsar Steinunn Valdís Óskarsdóttir



lesendum á síðu sinni. Kveðjan á í raun vel við, en ef rýnt er í dagsetninguna sést að færslan er skrifuð 26. apríl 2007. Þá voru einmitt líka kosningar. Steinunn er ekki ein um þetta því í nýjstu færslu á síðu sinni upplýsir Árni Þór Sigurðsson að kjörstjórn Vinstri grænna hafi kynnt tillögu um framboðslista. Sú færsla er skrifuð á gamlársdag 2006. Er ekki betra að loka bara síðunni, fyrst þau eru nú bæði komin með aðrar blogg síður?

Í hvert sinn sem við rænum

Í umröti nútímans eru heiðarleiki og réttýni það sem kjósendur virðast helst sækjast eftir. Því ráku margir upp stór augu þegar Sjálfstæðisflokkurinn auglýsti fjölskyldudag í Laugardalnum. Sérstakir



gestir voru ræningjarnir þeir úr Kardimommubænum. „Við læðumst hægt og hljótt á ták, í hvert sinn sem við rænum.“ Er þetta boðskapur dagsins?

Étt'ann sjálfur

Ekki eru allir búinir að gera upp hug sinn fyrir kosningar og kannski tekst ekki öllum að finna atkvæði sínu farveg. Þeim skal bent á hreyfingu sem hefur vaxið fiskur um hrygg undanfarið. Um hana má lesa á heimasíðunni edibalelballot.tao.ca en hún gengur í sem fæstum orðum út á það að kjósendur eigi að éta kjörseðilinn í kleanum. Engu skipti hvað er kosið, allt sé sama tóbakið og kjörseðillinn hafi ekkert gagn umfram þær hitaæiningar sem í honum eru. Verði ykkur að góðu.

kolbeinn@frettabladid.is

SPOTTIÐ



Ekki alveg sammála

Íliðinni viku var hringt í mig og ég beðinn að mæta í myndatöku fyrir þann góða vef www.sammala.is þar sem fólk úr öllum áttum lýsir yfir stuðningi við að Ísland sækji um aðild að Evrópusambandinu. Myndina átti að nota í auglýsingar fyrir málstaðinn. Í Fréttablaðinu sl. mánudag birtist myndin síðan ásamt mynd af Benedikt Jóhannessyni í heilsíðuauglýsingu með fyrirsögninni „Við erum sammála“.

Benedikt hafði í vikunni áður birt þunga-vigtargrein í Morgunblaðinu og í kjölfarið mætt í Silfur Egils þar sem hann á báðum stöðum reifaði rökin fyrir því að sækja strax um aðild. Grein hans og sjónvarpsviðtal vöktu mikla athygli og fengu margan manninn til að hugsa málið betur. Sama dag og Morgunblaðsgreinin birtist bættust yfir 400 nöfn á www.sammala.is.

En daginn sem við stöðum hlið við hlið á heilsíðu í Fréttablaðinu undir fyrirsögninni „Við erum sammála“ birti Benedikt hins vegar nýja grein, nú á vefsíðu sinni www.heimur.is, þar sem hann reifaði hin miklu viðbrögð við Morgunblaðsgrein sinni, einkum þau sem hann hafði fengið frá flokksbundnum sjálfstæðismönnum. Það vakti því nokkra furðu að höfundur skyldi ljúka netpistlinum á því að fullvissa fólk um að hann myndi ekki breyta út af þeirri venju sinni að setja X við D í þingkosningunum á morgun. En sem kunnugt er telur Sjálfstæðisflokkurinn „hagsmunum Íslands best borgið utan Evrópusambandsins“.



HALLGRÍMUR HELGASON

Semsagt: Þrátt fyrir allan sinn kröftuga málflutning um nauðsyn þess að Ísland sækji um aðild að ESB ætla Benedikt Jóhannesson að kjósa gegn honum. Hann ætla að nota atkvæði sitt gegn eigin sannfæringu. Hann ætla að taka rötgróna flokkshlýðni fram yfir sjálfstæða hugsun. Hér er komið skólabókdæmi um það hvers vegna það gengur svo hægt að breyta hlutum á Íslandi. Þrátt fyrir að menn tali hraustlega úr gömlum hjólförum er lítill von til að þeir faist upp úr þeim. Íslensk stjórnmalámmuræða skiptir í raun litlu sem engu máli. Íslendingar virðast láta ætterni fremur en málefni ráða þegar í kjörklefann kemur og láta sig hafa það aftur og aftur að kjósa flokkinn sem þeir eru í hjarta sér ósammála, aðeins vegna þess að þeir hafa alltaf kosið hann.

Það er hárrétt sem stendur í áður nefndri auglýsingu: Við Benedikt erum „sammála“ um að hagsmunum Íslands sé best borgið innan Evrópusambandsins. En lengra nær það því miður ekki. Þegar á reynir, á sjálfan kosningdaginn, verðum við Benedikt alls ekki sammála. Annar kys framtíðina, hinn fortíðina.

Af öllu því góða fólki sem hefur lýst sig sammála okkur í Evrópumálanum vona ég að Benedikt verði sá eini sem ætla að kjósa þvert á skoðanir sínar.

Höfundur er rithöfundur.

Íslensk
hönnun

TRUE

RUGBY
JEANS CO.



Bolur 2.499.-



Bolur 2.499.-




Síður bolur
1.999 kr



Bolur 3.499.-



Kjöll 4.999.-



Bolur 3.999.-



Kjöll 5.999.-



Kjöll 5.999.-



Bolur 3.999.-



Bolur 3.499.-



Síður bolur 3.499.-



OPIÐ

ALLAN sólarhringinn
Skeifan & Garðabær

HAGKAUP

Ein ferð betra verð

GRÆN STÖRF - vistvænar áherslur í atvinnuuppbyggingu kallast málþing sem haldið verður í lýð á morgun, laugardag, frá klukkan 13 til 15. Umhverfissráðuneytið, Nýsköpunarmiðstöð Íslands og Félag umhverfisfræðinga standa fyrir málþinginu þar sem fjallað er um nýjar áherslur í atvinnuuppbyggingu í kjölfar efnahagserfiðleika.



ÞALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447



*Gjafabréf Perlunnar
Góð tækifærisgjöf!*

Nýr A la Carte

REYKT ÖND

með blönduðu salati, valhnetum og fíkjublöndu

Við mælum með Pinot Gris, Pully Fumé eða Pouilly Fuisse með þessum rétti.

4ra rétta tilboðsseðill

Verð aðeins 6.890 kr.
með 4 glösum af sérvöldum vínnum aðeins 10.490 kr.



Veitingahúsið Perlan - Sími 562 0200 - Fax 562 0207
Netfang perlan@perlan.is - Heimasíða www.perlan.is



Margrét Erla Maack, dagskrárgerðarkona á Rás 2, gefur lesendum Fréttablaðsins bragðgóða uppskrift að humri með kúskús, chili og mangó.

Rífandi humarréttur

Margrét Erla Maack, dagskrárgerðarkona á Rás 2, og liðsfélagar hennar þar stóðu sig vel í matreiðslukeppni fjölmiðlafólks sem Gestgjafinn og Turninn í Kópavogi efndu til á dögnum.

Margrét Erla Maack, dagskrárgerðarkona á Rás 2, og liðsfélagar hennar þar höfnuðu á dögnum í öðru sæti í matreiðslukeppni fjölmiðlafólks, sem Gestgjafinn og Turninn í Kópavogi efndu til.

„Við vorum montnust með það að hafa verið fyrir ofan Fréttastofu RÚV,“ nefnir Margrét Erla kát. Ástæðan var sú að fyrir liði Fréttastofu RÚV fór fréttakonan og matreiðslubókahöfundurinn vinsæli, Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir.

Í keppni þar sem frumlegheit og áræði skipta sköpum verður liðið að vera samstiga í öllum ákvörðunum. Liðsmenn Margrétar Erlu gerðu sér grein fyrir að ekki hefði réttur eins og venjulegur hvítlaukssmjörshumar fleytt þeim langt áfram í keppni sem þessari. „Við unnum eins og vel smurð maskína,“ rifjar hún upp og minnst þess hve sú reynsla að elda í „gegnum annað fólk“ eins og hún orðar það hafi verið krefjandi. Margrét Erla bjó að þeirri góðu reynslu í keppninni að mamma hennar eldaði ein jóln humar á fjóra mismunandi vegu og þar af leiðandi var hún ekki svo ýkja smeyk við að ráðast í humarmatreiðsluna.

ROKKHUMAR RÁSAR 2

Með kúskús og mangói

Humar (plokkaður eða með skel)
Þurr hvítvín
Engiferrót, rifin
Saxaður hvítlaukur (mikill)
Kúskús
Mangó
Búnt af kóríander
Smjör
Olía
Ferskur chili (smátt saxaður án fræja)
Sitrónur.

Marínerið humarinn í þurru hvítvíni, 3/4 af engiferrótinni ásamt

helmningnum af hvítlaukunum. Einnig væri hægt að nota risarækjur eða skötusel í staðinn fyrir humarinn.

Skerið mangóið í smáa teninga. Undirbúið kúskúsið eftir leiðbeiningum. Þegar kúskúsið er tilbúið er mangóteningunum hrætt saman við. Bræðið smjörið í potti til helminga með ólfluolíu.

Setjið síðan restina af engiferinu og hvítlaukunum út í.

Steikið humarinn í smjóri á pönnu (eða grillið á útigrilli). Skvettið smá hvítvíni út á. Setjið steiktan humarinn á kúskúsmangóbeðinn og setjið vænan skammt af fersku kóríander ofan á ásamt smjörinu og sitrónubátunum.



Margrét Erla segist eiga erfitt með að elda eftir uppskrift og hvað þá að gefa uppskriftir. Þess vegna beinir hún þeim tilmælum til þeirra sem einnig eru óvanir að fara varlega í að áætla magnið af hvítlaukunum, engiferinu og chilipiparnum í réttinn.

Að lokum gefur Margrét lesendum vinsamlega ábendingu. „Notið

latexhanska við niðurskurðinn á chilialdinum og sleppið því algjörlega að hafa fræin með í réttinum. Vinur minn skar einu sinni chilialdin án hanska og fór svo að pissa. Hann þurfti síðan að sitja með mjólkurglas í kjöltunni það sem eftir lifði kvöldsins. Það var ekki mjög töff.“

vala@frettabladid.is

Byltingarkennd nýjung á Íslandi



Tofu
DETOX NÚÐLUR

Enn á ný kynnum við hjá Nings nýjung í heilsusamlegri matreiðslu.

Næringa- og matvælafræðingar hafa þróað einstaka afurð: Núðlur unnar úr tófu og heilsujurtinni "konnyaku". Tófu-núðlur eru bragðgóðar og hollar. Þær henta öllum þeim sem láta sig varða líkamlega heilsu sína.

Tófu-núðlur eru kalk- og próteinríkar, kolvetna- og hitaeiningasauðar. Að auki eru þær án nokkurs sykurs, kólesteróls og glútens og innihalda auðvitað hvorki mjólkurafurðir né dýrafitu.

EKKERT kólesteról
EKKERT glúten
ENGINN sykur

NINGGS

Suðurlandsbr. 6
Hlíðasmára 12
Stórhöfða 17
Sími: 588 9899

föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS 24. apríl 2009

Vil ala barnið mitt upp á Íslandi

Kitty Von Sometime, plötusnúður og forsprakki Weird Girls Project, á von á sínu fyrsta barni með Daníel Ágústi Haraldssyni söngvara.

Á VON Á ANNARRI STELPU

Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona á von á lítilli stelpu í lok maí.

GEFUR ÚT EIGIN SÓLÓ-PLÖTU

Tónlistarmaðurinn Sigurjón Brink, eða Sjonni, gefur út samnefnda plötu.

EIGNAÐIST LITLA PRINSESSU

Birta Björnsdóttir í Júníform eignaðist stelpu í lok síðasta mánaðar.

SUMARTILBOÐ

Toshiba L300-1DT FARTÖLVA

2.16GHz Intel Core Duo T3400 örgjörvi með 2GB (1x2GB) DDR2 800MHz minni, 160GB SATA harðdisk, DVD±RW Dual Layer skrifara, 15.4" WXGA breiðtjaldsskjá, Intel Graphics Media Accelerator X4500 skjákort, innbyggðu 10/100 netkort og 56K mótaldi, 3xUSB 2.0, VGA, ExpressCard Slot o.fl. Windows Vista Business eða XP Pro stýrikerfi.

Corsair USB2 8GB

8GB minnskubbur, höggvarinn og með 10 ára ábyrgð. Einn sá allra minnsti.

Fylgir frítt með!



97.950

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT HEIM • SENDINGAR-
KOSTNAÐUR AÐEINS KR. 750 HVERT Á
LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3
• 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

@tt.is
Allt tölvutengt á betra verði

núna

* einstaklega barngóð

HJÖRDÍS RUT SIGURJÓNSDÓTTIR RITSTJÓRI

Ég ætla að kjósa á laugardaginn og eyða tíma með syni mínum, fara í sund, húsdýrargarðinn eða gera eitthvað annað spennandi sem við mæðginin höfum gaman af. Á laugardagskvöldið verður svo flakkað á milli stöðva til þess að fylgjast með nýjstu tölum í kosningunum eins lengi og ég dugi en úthaldið fer eflaust eftir spennustiginu.



helgin
MIN



Auglýsir eftir au-pair á Facebook

Póra Sigurðardóttir rithöfundur auglýsir nú eftir au-pair stúlku á Facebook-síðu sinni. Póra eignaðist sitt fyrsta barn, lítinn dreng, síðasta sumar, en hún hefur verið búsett á Bahamaeyjum undanfarið ár þar sem eiginmaður hennar, sjónvarpskokkurinn víðfrægi, Völundur Snær, á og rekur eigin veitingastað við ströndina á Grand Bahamas.

Í auglýsingunni segist Póra þurfa að finna au-pair hið snarasta. Hún leitar að áhugasamri og duglegri manneskju, en viðkomandi mun fá greitt í erlendri mynt og allt borgað, svo ekki sé minnst á góða veðrið.

Konur í kreppu

Nokkrar hressar konur hafa tekið sig saman um að halda opið hús með spennandi tilboðum í kreppunni. Boðið verður upp á axlanudd, tarot- og sígaunalestur, litun og plockun á frábæru veði. Tarot-spil, saltlampar og steinar verða meðal annars til sölu. Emami-kjöllinn vinsæli verður á sérstöku tilboðsveði á staðnum. Ekki missa af skemmtilegri stund á opnu húsi á sunnudaginn í Miðgarði í Grafarvogi, milli klukkan 13 og 18.

Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona er komin átta mánuði á leið:

Á VON Á ANNARRI STELPU

Ég er komin átta mánuði á leið og á að eiga í lok maí,“ segir Regína Ósk Óskarsdóttir söngkona sem á von á sínu öðru barni en fyrir á Regína dóttur sem er að verða sjö ára. „Við vitum kynið. Þetta er önnur stelpa,“ segir Regína og speningurinn í röddinni leynir sér ekki. Eiginmaður Regínu er söngvarinn Sigursveinn Þór Árnason en þetta er hans fyrsta barn. Regína segir Svenna Þór afar spennan fyrir komu dótturinnar. „Þabinn er voðalega spennur og ég líka. Það er

bara eins og ég sé að gera þetta í fyrsta skiptið,“ segir hún hlæjandi og bætir við að henni hafi liðið vel á meðgöngunni.

„Meðgangan hefur gengið eins og í sögu enda hef ég verið dugleg að hreyfa mig. Ég er búin að vera í jóga og sundi og var í ræktinni í einkaþjálfun alveg fram að sjöunda mánuði,“ segir hún og bætir við að hreyfingin hafi gert henni rosalega gott. „Það stendur svo margt til boða fyrir ófrískar konur í dag og ef maður hefur verið að hreyfa sig eitthvað fyrir er engin ástæða til að hætta því.“

Aðspurð hvort hún upplifi þessa meðgöngu öðruvísi en þá fyrri segir hún að sér líði betur núna. „Ég hreyfði mig ekkert á fyrri meðgöngunni enda þyngdist ég mikið. Nú passa ég mig betur og það gengur vel. Hreyfing skiptir líka svo miklu máli fyrir andlegu líðanina og eins ef þú ætlar að komast aftur í form.“ Regína segir nánast allt tilbúið fyrir komu barnsins svo núna bíður hún spennu á milli þess sem hún vinnur og ræktar sál og líkama. „Þetta verður skemmtilegt sumar og þar sem það hefur verið svolítið mikið að gera hjá mér síðustu árin ætla ég bara að njóta þess að vera til í góða veðrinu.“ - íáh

Hraust Regína hefur verið hraust á meðgöngunni og segir nánast allt tilbúið fyrir komu barnsins.



Þetta
HELST



Spennur Regína segir eiginmann sinn, Sigursvein Þór Árnason söngvara, vera mjög spennan fyrir komu dótturinnar.

Birta Björnsdóttir í Júniform:

Eignaðist stúlku

„Hún er yndisleg,“ segir Birta Björnsdóttir, fatahönnuður og eigandi Júniform, sem eignaðist dóttur hinn 22. mars síðastliðinn. Fyrir á Birta fjögurra ára son, Storm Björn Jónsson, sem hún segir standa sig vel í hlutverki stóra bróður. Birta hefur hvergi slakað á í hönnuninni og sat meira að segja við saumavélina daginn sem hún átti. „Stundum koma hugmyndirnar einmitt þegar þær eiga ekki að koma og hlaðast upp þar til ég bara verð að framkvæma þær,“ segir hún hlæjandi og bætir við að Júniform gangi afar vel.

„Ég er alltaf að bíða eftir þessum kreppuskelli en það er bara búið að vera brjáláð að gera hjá okkur frá áramótum og við erum mjög þakklátar fyrir hvern góðan mánuð sem við fáum.“ Hún segir sumartískuna hjá Júniform litríka, pönkaða og rómantíska. „Sjálft ætla ég að vera í einhverju þægilegu og brjóstgafarvænu án þess þó að tapa alveg „lookinu“ fyrir



Hamingjusöm Birta Björnsdóttir eignaðist dóttur í lok mars en fyrir á hún fjögurra ára son.

* augnablikið



GRÆN Drew Barrymore mætti í sægrænum kjól eftir Elle Saab í Leonard H. Goldenson-leikhúsið í síðustu viku. Kjöllinn þótti fara einstaklega vel við föla húð leikkonunnar, sem skartaði grænum augnskugga og rauðbleikum varalit.

Yfir
20 milljón
eintök
seld

SPENNA, ÁST,
VAMPÍRUR

JPV
JPV ÚTGÁFA
www.forlagid.is

96
vikur á
metsölulista
USA Today

föstudagur

Útgáfufélag 365 miðlar ehf. Forsíðumynd Anton Brink
Útlitshönnun Kristín Agnarsdóttir Auglýsingar Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
sigurdagny@365.is sími 512 5462 Föstudagur Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000

50%
af öllum
mottum!

Meira úrval í
verslunum

MOTTUR frá
2.490,-

GRÁAR LUKTIR

**6.900,-
8.900,-
12.900,-**

50% afsláttur
af völdum
speglum

Fleiri tegundir á afslætti
í verslunum

SPEGLAR frá **1.490,-**

LUKTIR svartar og hvítar

**690,- og
990,-**

Full búð
af spennandi
húsgögnum,
gjafavöru
og kertum

SÓFI
79.900,-

GÓLFLAMPI
14.990,-

STÓLL
39.900,-

SKEMILL
16.900,-

Soya ilmkerti
í fallegum öskjum

KERTI **1.990,-**

the
PIER

Full búð af vörum á lægra verði
og tilboðum sem vert er að skoða!

Smáratorgi 3 / 201 Kópavogi / sími: 522 7860 / / Korputorgi / 112 Reykjavík / sími: 522 7870

BRJÁLÆÐISLEGA SKIPU

FINNDU ÞITT RÉTTA BLEND SNIÐ

STAR #6904

 MEDIUM WAIST
TIGHT FIT
SLIM LEG

SPACE #6906

 HIGH WAIST
TIGHT FIT
SLIM LEG

SUN #6903

 MEDIUM WAIST
TIGHT FIT
BOOT CUT

BLEND
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
KEFLAVÍK

Kitty Von Sometime hefur ekki setið auðum höndum síðan hún flutti til Íslands árið 2006. Hún er forsprakki The Weird girls project, er plötusnúður, starfar hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP og á nú von á sínu fyrsta barni með tónlistarmanninum Daníel Ágústi Haraldssyni.

Viðtal: Alma Guðmundsdóttir
Myndir: Anton Brink

Ég kom fyrst til Íslands árið 2000 til að skrifa um Airwaves-tónlistarhátíðina. Daginn eftir hátíðina vaknaði ég þunn og mörgum vinum ríkari," segir Kitty brosandí, spurð hvenær hún kom fyrst til Íslands. Það var þó ekki fyrr en árið 2006 sem hún flutti alfarið til landsins eftir fjölmargar heimsóknir.

„Ég kom oft og oft til Íslands með hverju árinu sem leið og flaug þá oft eftir vinnu á föstudegi og fór beint út á lífið um kvöldið þegar ég kom. Ég kynntist fleira fólki í hvert skipti og árið áður en ég flutti kom ég tíu sinnum hingað, mun oft og en fjárhagurinn leyfði," útskýrir Kitty sem var stödd á Kings Cross þegar hryðjuverkaárásirnar áttu sér stað í London 7. júlí 2005 og segir það hafa ráðið úrslitum um ákvörðun sína að flytja til Íslands.

„Ég var í lest skammt frá þeirri sem var sprengd. Fólk byrjaði að panikka þegar lestin stoppaði í miðjum göngunum og þegar við komum á stoppistöðina og lestin var rýmd var enginn þar. Þegar við komum upp á götuna var svæðið umkringgt fólki og margir voru særðir. Okkur var svo beint frá neðanjarðarlestarkerfinu í áttina að Tavistock Square, en þar var strætó sprengdur í um 150 metra fjarlægð frá okkur. Ég hafði lengi hugsað um að flytja til Íslands, en þetta réði úrslitum um það og lengi á eftir gat ég ekki hugsað mér að fylgjast með breskum fréttum því ég vildi komast sem lengst frá þessum atburði," útskýrir Kitty.

LISTIN KALLAR

Kitty, sem er 31 árs, lærði sálfræði og heimspeki í skóla en segist alltaf hafa heillast af listinni og gerði meðal annars tónlistarmyndband fyrir Ghostigital sem var tilnefnt til Íslensku tónlistarverðlaunanna árið 2007 og gerðist síðar plötusnúður. „Ég byrjaði að þeyta skífum þegar ég flutti til landsins því mér leiddist tónlistin á skemmtistöðunum sem ég



Kann vel við Ísland
„Ég vil ala barnið mitt upp á Íslandi, en myndi gjarnan vilja eyða ári í Bretlandi áður en barnið byrjar í skóla," segir Kitty.

stundaði svo ég ákvað að ég vildi fara akkúrat í öfuga átt við þessa töff músík og spila mjög „cheese“ tónlist sem allir kunna textann við," segir Kitty brosandí, en hún kemur fram undir nafninu Kiki-Ow og hefur reglulega haldið 90's partí með DJ Curver frá því 2006.

Kitty er einnig hugmyndasmiðurinn á bak við verkefnið Weird girls project sem hóf göngu sína 2007, þar sem konur koma saman í myndatök og myndbandsupptökur, klæddar í mismunandi búninga eftir uppákomum. Kitty sér sjálf um allt skipulag í kringum tókurnar, en ekkert er æft fyrirfram. Stelpurnar, sem eru mismargar eftir verkefni, vita aðeins hvenær þær eiga að mæta, en hafa

ekki hugmynd um hvað mun eiga sér stað eða hvar. Tilganginn segir hún meðal annars vera að auka sjálfstraust, stíga út fyrir þægindarammann og taka sig ekki of alvarlega. „Vinkonur mínar voru að kvarta yfir því að hafa ekkert fyrir stafni svo einn daginn bauð ég þeim heim ásamt ljósmyndara og sagði þeim að koma með eins marga búninga og þær gætu. Við tókum svo myndir heima hjá mér og það var virkilega gaman," segir Kitty um upphaf verkefnisins.

GERIR TÓNLISTARMYND-BAND

Síðan Weird girls project hóf göngu sína hafa verkefnið orðið viðameiri og fram undan er upp-

taka á tónlistarmyndbandi fyrir hljómsveitina Agent Fresco sem fer fram í júní, við lagið Eyes of a cloud catcher.

„Þetta er okkar stærsta verkefni hingað til og ég hef verið að undirbúa það í þrjá mánuði. Alls 28 stelpur alls staðar að af landinu taka þátt í því og vita ekkert nema hvenær við tökum það upp og fyrir hvaða hljómsveit myndbandið er. Allt annað verð ég búin að skipuleggja frá a til ö og verð búin að láta sauma á þær búninga," útskýrir Kitty sem leggur mikla vinnu í hvert verkefni. „Ég gæti gert myndband sem væri allt ákveðið fyrirfram eins og hver annar, en meginatriðið í þessu eru óvænt viðbrögð stelpnanna við því

bak við fjöldin

Stjörnumerki:
Sporðreki.

Diskurinn í spilaranum:
Grace Jones - Hurricane.

Uppáhaldsmatur:
Lime, chili og engifer.



Draumafrí:
Ég á engan draumaáfangastað, mér finnst gaman að fara hvert sem er.

Uppáhaldstími dagsins:
Það veltur á því hvaða dagur er. Minn upphaldstími vikunnar er mjög oft.

Líkamsræktin:
Sund.

Uppáhalds-sjónvarpsþáttur:



Ég er gjörsamlega háð CSI. Hverju myndirðu sleppa ef þú yrðir að spara: Ég eyði mestum pening í mat. Ég kaupi ekki dýr föt eða hluti, en ég verð að elda góðan mat. Áhrifavaldur: Margt fólk allt í kringum mig.

LÖGÐ

sem þær koma til með að gera,“ bætir hún við en viðurkennir að upptökuliðið og meðlimir Agent Fresco viti hvað muni fara fram í tókunum. „Ég fæ svona stressköst þegar ég er að skipuleggja svona verkefni, þá yfirleitt yfir veðrinu, því það eru of margir bókaðir til að hægt sé að fresta því,“ segir Kitty sem gerði einnig myndband við lag Emiliönu Torrini, Heard it all before. „Ég man að ég var grátandi daginn áður af stressi því ég var með átján stelpur klæddar sem spandex-hafmeyjur í sundlaug, en það gekk allt upp að lokum.“

FYRSTA BARNIÐ Á LEIÐINI

Kitty situr ekki auðum höndum því hún er í fullu starfi sem framleiðandi hjá tölvuleikjafyrirtækinu CCP og á von á sínu fyrsta barni með söngvaranum Daníel Ágústi Haraldssyni í byrjun september.

„Við Daníel Ágúst kynntumst fyrst í gegnum sameiginlega vini um það leyti sem ég flutti. Hann var þá kvæntur og ég í sambandi, en okkar samband fór ekki að þróast fyrr en ég hafði búið hér í rúm t.ár. Við erum mjög ólík því ég er alveg brjálæðislega skipulögð en hann er meiri listamans-týpa sem tekur hlutunum eins og þeir koma, en við náum mjög vel saman.“ útskýrir Kitty, en segir engin brúðkaupsplön vera í spilunum. Spurð um meðgönguna segir hún hana hafa verið erfiða til að byrja með. „Ég var mjög veik fyrstu vikurnar. Ég virðist samt vera komin yfir það núna, en er orðin léttari en ég var áður en ég varð ólétt. Ég hef mesta löngun til að borða chili og lime. Mér finnst gott að borða hreinlega heilt lime og hef líka verið dugleg að búa til tom yum-súpu sem er mjög frískandi,“ segir Kitty. „Annars er ég ekki komin yfir hræðsluna við að fæða, ég er skithrædd við það,“ bætir hún við og brosir.

Út frá barneignum berst talið að tungumálinu, en Kitty skilur íslensku þó nokkuð vel þótt hún tali aðallega ensku. „Ég tala íslensku við tveggja ára börn, leigubílstjóra og búðarfólk, en við vini mína tala ég yfirleitt ensku. Það er fáránlega auðvelt fyrir útlendinga að tala ensku hér á landi svo maður þarf að vera mjög einbeittur til að læra tungumálið og tala það því oft er manni ítrekað svar að á ensku. Fólk kann samt að meta þegar ég tala íslensku og ég ætla að vinna meira í tungumálinu því ég vil ekki að barnið mitt komi til með að rifast við mig á íslensku án þess að ég skilji það,“ segir Kitty og brosir.

Aðspurð segist hún vilja búa hér á landi á komandi árum. „Ég vil ala barnið mitt upp á Íslandi, en myndi gjarnan vilja eyða ári í Bretlandi áður en barnið byrjar í skóla, aðallega til að vera í kringum fjölskylduna mína í Devon, þar sem ég er fædd og uppalin.“



VANCOUVER

Andrea Hjálmsdóttir nemi

HVAR ER BEST AÐ FÁ SÉR MORGUNMAT? Egg og beikon hjá Halli hér heima á Melfa Lane er tvímæla-laust besti morgunmaturinn í borginni. Þá er líka gott að fá sér morgunmat á Mix sem er lítið bakarí hérna rétt hjá, brauðið og kökurnar þar eru afar ljúffengar og renna vel niður með góðu kaffi.

FÍNT ÚT AÐ BORÐA? Vancouver er fjölmenninargleg borg og býður í samræmi við það upp á fjölbreytileika þegar kemur að veitingastöðum. Við erum nýbúin að uppgötva Montrí's á Broadway sem býður upp á ótrúlega góðan tailenskan mat og eðal þjónustu. Svo er „allt sem þú getur í þig látið“ sushi-staðurinn Shabusen á Granville Street í miklu uppáhaldi hjá þeim sem elska sushi í fjölskyldunni.

UPPÁHALDSVERSLUNIN? Granville Island er uppáhaldsverslunarstaðurinn í borginni. Um er að ræða lítið fyrrum iðnaðarhverfi í miðri borginni sem breytt hefur verið í verslunar- og listahverfi. Granville Island Public Market er í miklu uppáhaldi, sem og allar litlu sérverslanirnar sem eru á eyjunni. Auk þess eru hverfisbókabúðirnar okkar í miklu uppáhaldi, Book Warehouse og UBC háskólabókabúðin, þar höfum við fjölskyldan eytt ófáum stundunum auk þess að hafa borið heim „nokkra“ góða bókattila.

BEST VIÐ BORGINA? Fjölbreytileikinn og nálægðin við náttúruna eru helstu kostir Vancouver. Stór græn svæði einkenna borgarlandslagið,



sem þó hefur verið vandlega kortlagt með ógrynni af göngustígum til þess að borgarbúar geti sem best notið útiverunnar. Það er yndislegt að hafa strendurnar inni í borginni á sumrin og svo skíðasvæðin þrjú við borgarmörkin á veturna.

BEST AÐ VERJA DEGINUM? Það er langbest að verja deginum á snjóbretti í vetrarparadisinni Whistler yfir vetrarmánuðina. Á sumrin er frábært að ganga The Seawall meðfram Stanley Park eða bara sleikja sólina í sandinum á Spanish Banks eða á klettunum í Lighthouse Park.

SKEMMTILEGAST AÐ VERJA KVÖLDINU? Það er skemmtilegast að verja kvöldinu í Vancouver á góðum tónleikum. Vegna stærðarinnar og nálægðarinnar við Seattle koma mörg góð bönd og spila í borginni. Við höfum reynt að vera dugleg hjónin við að skella okkur á tónleika og náð nokkrum afbragðsgóðum.

BEST GEYMDA LEYNDARMÁLID? Wreck Beach er tvímælalaust best geymda leyndarmál borgarinnar. Ströndin, sem er hverfisströnd okkar sem búum á University of British Columbia-háskólasvæðinu, er ótrúlega falleg. Alls þarf að arka 436 tröppur til að komast niður á ströndina en útsýnið út á flóann er himneskt. Staðsetning Wreck Beach gerir það að verkum að ströndin er líkt og vin í borginni, ys og þys er viðs fjarri og hvergi sést í borgarbyggingarnar.

BORGIN mín

Dekrað við líkamann

Haltu húðinni mjúkrri með saltskrúbbi frá Sea of Spa úr Pier. Það inniheldur olíu, vítamín og salt úr Dauðahafinu sem fjarlægir dauðar húðfrumur. Skrúbbið skal nota á þurra húðina áður en farið er í sturtu. Nuddið vel áður en það er skolað af og finnið hvað húðin verður fersk, með mildum ilmi af mintu og sitrónugrasi. Til að fullkomna dekríð er tilvalið að bera Sea of Spa body butter á líkamann eftir sturtuna. Mangó og ást-araldin gefa ómótstæðilegan ilm og húðin verður silkimjúk.



Opið virka daga 9⁰⁰ - 18⁰⁰
Laugardaga 9⁰⁰ - 13⁰⁰

SALON REYKJAVÍK
Sími: 568 5305 • Grándagarði 5

FRÁBÆR TILBOÐ

Toshiba 19DV550PG
19" LCD Sjónvarp með innb. DVD spilara, HD-READY, 1440x900 punkta upplausn, 1000:1 skerpu, Nicam Stereo DTS hljóðkerfi, Analog mótakara, HDMI, Component, Composite og Analog Audio, Scart og PC(VGA, S-Video og heyrnatóstengi.



TOSHIBA
MEÐ DVD SPILARA
19 TOMMUR

TILBOÐ
59.995



TOSHIBA
LCD BREIÐTJALD
32 TOMMUR

Toshiba 32AV500PG
32" LCD breiðtjald með 1366x768 upplausn, Progressive Scan, 20.000:1 dýnamískri skerpu, Active Vision LCD ofl.

TILBOÐ
104.995

Heimilistæki ht.is
UMBODSMENN UM LAND ALLT

EYRARVEGI 21 SELFOSSI - GARDARSBRAUT 18A HÚSAVÍK - GLERÁRGÖTU 36 AKUREYRI - SUÐURLANDSBRAUT 26 REYKJAVÍK

5125050
Auglýsingasími

NJÓTTU LÍFSINS
HEIMA Í SUMAR

Grillbúðin
www.grillbudin.is

Hlíðasmára 13, Kóp - S. 554 0400



Opið laugardag til kl. 16

tíðin

* ætlar að kjósa

BO-ÞEMA Í IDOL Í kvöld syngja þau Sýlvía, Matti, Hrafna, Lísa og Anna Hlín lög sem Björgvin Halldórsson hefur gert vinsæl í gegnum tíðina. Bo mun síðan sjálfur segja áhorfendum sögu þessara laga sem keppendur velja og hvernig til kom að hann söng þau inn á plötu og gerði vinsæl. Ekki missa af Idol í kvöld.

FINNDU ÞITT RÉTTA BLEND SNIÐ

STORM

6910 MEDIUM WAIST
REGULAR FIT
STRAIGHT LEG



JEANS
8.990

THUNDER

6345 MEDIUM WAIST
LOOSE FIT
STRAIGHT LEG



JEANS
9.990

TORNADO

6881 LOW WAIST
SLIM FIT
STRAIGHT LEG




JEANS
8.990

BLEND
KRINGLUNNI · SMÁRALIND
KEFLAVÍK



TOPP 10



HRINGURINN MINN Fékk hann í Lond-



COCA COLA LIGHT **BRÚNKUKREM**



VOUGE OG WOMANS HEALTH



TÖLVAN MÍN Fer með mér út um

Í HÁRIÐ Þegar maður er alltaf að synda er þetta algjör nauðsyn til að hafa hárið í lagi.

BRÖNS á sunnudegi með vinkonunum. Það jafnast ekkert á við það.

RAGNHEIÐUR RAGNARSDÓTTIR sundkona

ÞESSIR SILFURSKÓR eru orðnir nokkuð gamlir og ég tími bara að fara í þá af og til því þeir eru í svo miklu upphaldi hjá mér.



SNYRTIVÖRURNAR Ég er föðunarfræðingur og ég held svakalega mikið upp á make-up dótið mitt.



M-DESIGN Ég er að hanna með ömmu undir merki M-design og ég bara elska þessar vörur okkar.

Grennandi krem frá Chanel

Chanel sendir ekki aðeins frá sér hátísku töskur og farða. Tískuhúsið hefur nú komið á markað nýrri Body Excellence Slim-línu sem hentar vel fyrir konur sem vilja viðhalda fallegum línunum. Kremið inniheldur virka efnið Adipofit sem vinnur á frumum fituvefjanna. Sé kremið notað tvisvar á dag má sjá augljósan árangur eftir fjórar vikur með allt að 4,3 prósent minna ummáli á mjóðmum og lærum og stinnari húð. Undrakrem frá Chanel sem borgar sig að prófa.



Sigurjón Brink söngvari:

Gefur sjálfur út sólóplötu

„Hún var í raun tilbúin fyrir jól, en ég ákvað að biða sökum ástandsins,“ segir Sigurjón Brink, eða Sjonni, um samnefnda sólóplötu sína. Platan er unnin í samvinnu við Guðmund Jónsson úr Sálinni sem sá jafnframt um útsetningar. „Ég söng fyrir Gumma í Laugardagslögunum og í kjölfarið ákváðum við að gera plötu með lögum eftir okkur báða,“ útskýrir Sjonni sem gefur plötuna út sjálfur í maí.

Sjonni er nýkominn úr fæðingarorlofi, en hann og eiginkona hans, Þórunn Erna Clausen, eignuðust soninn Róbert Hrafn fyrir ári síðan. Aðspurður segir hann tónlistina vera fullt starf og hefur hann nóg að gera. „Ég spila mikið með Gunna Óla og hef verið á Hverfisbarnum nánast öll fimmtudagskvöld síðan



Önnum kafinn Tónlistin er fullt starf hjá Sjonni, en hann gefur sjálfur út sólóplötuna sína sem er væntanleg í maí.

2002. Annars kemst maður varla í gegnum afmælisveislu án þess að vera spurður um Bítlið svo við Jói í Idol og Pálmi Sigurhjáttar ætlum

að setja upp nokkur Bítli-kvöld snemmsumars sem við munum auglýsa fljótlega,“ segir Sjonni.

-5kr.

VIÐ FYRSTU NOTKUN
Á ÓB-LYKLINUM
OG SÍÐAN ALLTAF -2KR.



ÓB-lykilhafar geta safnað Vildarpunktum Ícelandair.
Sæktu um ÓB-lykilinn á www.ob.is eða í síma 515 1141.

26 stöðvar um land allt.

www.ob.is



KLINGENBERG SPÁIR

Kristín Póra Jóhannsdóttir, sigurvegari Söngkeppni framhaldskólanna

„Kristín Póra er fædd 10.05.1990. Ef þú leggur þær tölur saman færðu 25, sem gera lífstöluna 7 fyrir Kristínu. Hún er frekar róleg, einlæg og ekki mikið fyrir að trana sér allt of mikið fram. Hún hefur fengið sinn talent í vöggugjöf og á eftir að próa hann miklu meira en við gerum okkur hugmynd um.

Ég get ekki betur séð en allt líf Kristínar sé að breytast um þessar mundir og þessi keppni hafi haft rosaleg úr-

slitaáhrif fyrir hennar frama, sjálfstraust og muni breyta lífi hennar um aldur og ævi. Þeir sem hafa lífstöluna sjö eru oft fólk sem sker sig svoltíð úr og maður tekur eftir Kristínu sem er yfirleitt mjög hlý og vitur.

Kristín er á árstölunni 8 sem fylgir heppni, milljónir tækifæra í öllu mögulegu og ómögulegu og nú er um að gera að „go for it“, Kristín mín. Þetta ár verður lyginni líkast og er búið að vera það hjá Kristínu. Hún mun fá ýmis skemmtileg tilboð. Hún þarf samt aðeins að vanda valið hvað hún vill gera, en taka samt ákvörðun strax. Árstal-

an átta segir nefnilega að hika er sama og tapa, þú verður að grípa tækifærin því þau eru jafnvel horfin á morgun, því líkur er hraði áttunnar. Þótt Kristín sé ung á áttan líka eftir að gefa henni tilboð um breytingar á atvinnu til dæmis, ferðalög, tengingar við útlönd og gleði og gæfu. Hún á eftir að syngja út um allt, kenna fólki og verður vinsæl og elskuð af öllum.“

www.klingenberg.is



FRÁBÆR FÖSTUDAGUR

Alda Guðjónsdóttir stílisti

1
Að eiga stund heima með kaffibollann og þurfa ekki að drífa sig í vinnuna.




2
Sushi í hádeginu með vinkonunum og vera í þannig skapi að það er hlegið út í eitt.



3
Kíkja svo í bæinn og jafnvel á kaffihús og bara hanga með vinkonunum.



4
Sleppa við að kaupa í matinn, koma heim, opna bjór og elda góðan mat.



5
Rólegheit í sófanum að horfa á góða mynd með krökkunum. Best væri ef ég héldist vakandi því ég sofna alltaf yfir sjónvarpinu.

www.ellingsen.is

DAXARA

– kjörin í vorverkin

Daxara-kerra nýtist vel fyrir það sem þú þarft í garðinn; fjórhjólíð eða bátinn; gamla ísskápinn, þvottavélina eða eldavélina sem þarf að koma á haugana; hjólbörurnar, sláttuvélina og nýja arininn sem á að fara í sumarbústaðinn; mótörhjólíð, vélsleðann – og eiginlega hvað sem er.

Verð
52.900 kr.
4.408 kr.
léttgr. í 12 mán.



DAXARA 107
Sturtubúnaður
Innanmál 106x85x32 cm
Burðargeta 295 kg

Léttgreiðslur 4.408 kr. í 12 mán.

DAXARA 127
Sturtubúnaður
Innanmál 120x92x35 cm
Burðargeta 335 kg
Verð 69.900 kr.



Léttgreiðslur 5.825 kr. í 12 mán.

DAXARA 147
Sturtubúnaður
Innanmál 145x100x35 cm
Burðargeta 505 kg
Verð 98.900 kr.



Léttgreiðslur 8.242 kr. í 12 mán.

DAXARA 158
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 145x100x40 cm
Burðargeta 540 kg
Verð 119.900 kr.



Léttgreiðslur 9.992 kr. í 12 mán.

DAXARA 198
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 184x114x40 cm
Burðargeta 590 kg
Verð 179.900 kr.



Léttgreiðslur 14.992 kr. í 12 mán.

DAXARA 218
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 204x129x40 cm
Burðargeta 560 kg
Verð 199.900 kr.



Léttgreiðslur 16.658 kr. í 12 mán.

DAXARA 238
Sturtubúnaður, 13" dekk,
opnanl. gafl framan og aftan
Innanmál 135x231x45 cm
Burðargeta 750 kg
Verð 259.900 kr.



Léttgreiðslur 21.658 kr. í 12 mán.

**MÓTORHJÓLA-
KERRA 751**
13" dekk
Burðargeta 625 kg
Verð 104.900 kr.



Léttgreiðslur 8.742 kr. í 12 mán.

REYKJAVÍK
Fiskislóð 1 • Sími 580 8500
mánud.–föstud. 10–18 • Laugard. 10–16

AKUREYRI
Tryggvabraut 1–3 • Sími 460 3630
mánud.–föstud. 8–18 • Laugard. 10–16

Ellingsen

– fullt hús ævintýra

Hvað getum við gert fyrir ESB?

UMRÆÐAN

Grímur Atlason skrifar um Evrópumál



GRÍMUR ATLASON

Við verðum að skipta um gjaldmiðil – það er staðreynd. Kerfið, sem kallað var íslenska efnahagsundrið, bjó hér til loftbólhagkerfi sem sprakk í andlitið á okkur með hrikalegum afleiðingum. Vaxtamunur og ónýtur gjaldmiðill hafa síðan gert það að verkum að við erum í algjörrri pattstöðu. Nú er svo komið að þessi fyrirtæki eru flest farin að pakka niður og ætla sér annað. Við verðum að bregðast við.

Verkefni stjórnvalda eftir þessar kosningar eru eftirfarandi:

1. Setja sér samningsmarkmið og sækja um aðild að Evrópusambandinu og lýsa yfir eindregnum vilja okkar til þess að leggja af krónuna sem gjaldmiðil og taka upp evru.

2. Þjóðnýta kvótann og tryggja þannig að auðlindin haldist hjá þjóðinni og að byggðir landsins geti blómstrað á ný.

3. Ofangreindar aðgerðir ásamt samningum við lánardrottna okkar og jöklabréfaeigendur gerir það að verkum að hægt verður að lækka vexti fljótt og örugglega og verðbólga lækkar í kjölfarið.

4. Menntun menning og aftur

menntun og menning eru lykilhugtök uppbyggingarinnar.

5. Styrkja sveitarstjórnarstigið þannig að nærsamfélagið verði starfhæft – en það er lykillinn að uppbyggingu.

6. Veðja á margt smátt í stað þess að veðja á eina patent lausn: Álver og bankar eru ágæt með en bara álver og bara bankar er fullreynður stígur.

7. Fæðuöryggi þjóðarinnar verður best tryggt með því að hlúa að og styrkja íslenska matvælaframleiðslu – það fer ágætlega saman við inngöngu í Evrópusambandið.

Það er klárt mál að samningsmarkmið okkar eiga að vera skýr þegar kemur að samningum við ESB. Sérstaða íslensks landbúnaðar og sjávarútvegs liggur fyrir. Við erum eybjóð og það er klárt að óheftur innflutningur t.d. á hráu kjöti gengur ekki upp. Það er líka rétt að 90% af pakkanum liggur ljós fyrir. En það er ekki eins og það sé slæmt.

Það er ekki stefna ESB að ofveiða fisk. Reglur ESB stuðla að hlutfallslegum stöðugleika og tryggja að íslenskur sjávarútvegur nýtur nálægðarinnar við miðin og hefðarrettar á stofnum sem ekki eru deilistofnar. Innan ESB verðum við ein af þremur stærstu fiskveiðipjóðum

sambandsins og í sterkri stöðu til að hafa mikil áhrif á mótun nýrrar fiskveiðistefnu. Þessu verður að halda til haga fyrir grátkórnum.

Stöðu sveitarfélaga á Íslandi, ekki síst þeirra sem eru á landsbyggðinni, er betur borgið innan Evrópusambandsins. Mýmargar áætlanir sem miða að uppbyggingu á harðbýlum svæðum og köldum hagkerfum innan einstakra landa eru í gangi. Þessar áætlanir hafa skilað umtalsverðum árangri m.a. í Portúgal, Spáni, Svíþjóð, Finnlandi, Slóveníu og Póllandi. Hverfum frá haftastefnunni, hún er vond og mun ekki byggja upp blómlega byggð á Íslandi. Losum bændur, sjómenn og aðra undan klöfum ofurvaxta og einhæfni.

Tökum þátt í samfélagi þjóða og öxlum okkar ábyrgð. Höfum trú á okkur sjálfum og því sem við getum gert fyrir Evrópu. Spyrjum ekki bara; hvað getur Evrópusambandið gert fyrir okkur? Spyrjum líka: Hvað getum við gert fyrir Evrópu? Okkur mun farnast vel sem fullgildum þátttakanda í samfélagi Evrópuríkja. Þess vegna er ég sammála því að gengið verði til aðildarviðræðna við Evrópusambandið strax að loknum kosningum. Ef þú ert sammála skráðu þig þá á www.sammala.is.

Höfundur er í 6. sæti á lista VG í Norðausturkjördæmi.

Úr ánauð flokkanna

UMRÆÐAN

Ástþór Magnússon skrifar um kosningar



ÁSTÞÓR MAGNÚSSON

Laugardaginn 25. apríl ertu frjáls. Lýðræðis-hreyfingin veitir þér frelsi:

Þú færð atkvæðisrétt á Alþingi: Þú getur tekið þátt í öllum meiri háttar ákvörðunum Alþingis í gegnum raf-rænt Almannaþing óskir þú þess. Láttu ekki blekkja þig til að afsala fullveldi þínu næstu fjögur árin til flokkseigendafélaga og mútubægra stjórnmalamanna.

• Sækjum þýfið sem útrásarvíkingarnir stálu af þjóðinni: Við viljum nota öll tiltæk lög m.a. hryðjuverkalög eins og Bretar gerðu gegn Landsbankanum, til að gera útrásarvíkingana óstarfhæfa hvar sem er í heiminum og fá þá framselda hingað til lands. Þetta viljum við gera strax því þá byrja ormagryfjurnar þeirra að opnast fyrir alvöru. Við viljum síðan sækja þá fleiri hundruð milljarða sem þeir stálu af þjóðinni.

• Markaðssetjum Ísland sem land tækifæra: Við viljum setja upp markaðsskrifstofu með 200 manna vandlega völdu fólki úr atvinnuleysisskránni til að markaðssetja Ísland um allan heim og laða hingað til lands víðtæka erlenda starfsemi sem skapar störf og gjaldeyristekjur.

• Jöklabréfin sem fjárfestingarsjóður: Við viljum umbreyta jöklabréfunum í innlenda fjárfestingarsjóð atvinnulífsins til að minnka þrýstinginn á krónuna og fá erlendu fjárfestana með í uppbyggingarstarfið.

• Hagræðing án skattahækkana: Við viljum hagræða í stjórnsýslunni til sparnaðar um leið og atvinna og tekjur eru auknar með nýrri atvinnustarfsemi. Við viljum ekki skattleggja venjuleg heimili sem nú þegar berjast í bökkum.

• Endurbyggjum bankakerfið með erlendri þátttöku: Við viljum fá hingað til lands færustu hagfræðinga heims eins og George Soros til aðstoðar við endurskipulagningu hagkerfisins og tengja fjármála-stofnanir okkar við erlenda fjármálamakraði. Þannig komum við í veg fyrir annað bankahrun.

Það er aðeins eitt raunhæft val: xP

Höfundur er talsmaður Lýðræðis-hreyfingarinnar.

JASON STATHAM ER MÆTTUR AFTUR Í HLUTVERKI HINS ÓDREPANLEGA CHEV CHELIOS

22.04.09

JASON STATHAM AMY SMART

CRANK

HIGH VOLTAGE

SENDU SMS ESL C2V Á NÚMERIÐ 1900 ÞÚ GÆTIR UNNIÐ BÍÓMIÐA!

VINNINGAR ERU BÍÓMIÐAR, TÖLVULEIKIR, GOS, DVD MYNDIR OG MARGT FLEIRA!

9. HVER VINNUR!

149 kr/skeytið. Vinningar afhendir í ELKO Lindum. Með því að taka þátt ertu kominn í SMS klúbb.

ELKO VEFVERSLUN ELKO.IS

Í FULLUM GANGI Í PERLUNNI

ÓDÝRI TÓNLISTAR - DVD OG MYNDBANDAMARKAÐURINN

Frá 9. apríl til 3. maí

GÍFURLEGT ÚRVAL AF ÖLLUM TEGUNDUM TÓNLISTAR
 ROKK-POPP-KLASSÍK-BLÚS-KANTRÝ-SLÖKUNARTÓNLIST-ÞÝSK,SKANDINAVÍSK OG ÍRSK TÓNLIST
 OG AÐ SJÁLFSÖGÐU ALLIR NÝJUSTU TITLARNIR Á BETRA VERÐI EN ÞÚ ÁTT AÐ VENJAST

Sími: 561-4114

OPIÐ ALLA DAGA FRÁ 10 - 18

VERIÐ VELKOMIN OG NJÓTIÐ FRÁBÆRS ÚTSÝNIS OG GÓÐRA VEITINGA Í VEITINGASAL PERLUNNAR

BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS BONUS

BETRA VERÐ Í BÓNUS Í 20 ÁR



98
1 LTR.

COKE LIGHT 1 LTR. 98 kr.



459

HEILL FROSINN ÍSLANDSFUGLS-
KJÚKLINGUR 459 kr./kg.



98
1 LTR.

COKE 1 LTR. 98 kr.

FERSKUR KJÚKLINGUR



1398

BÓNUS FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1398 kr./kg.



298

BÓNUS FERSKIR KJÚKLINGABITAR
298 kr./kg.



159

BÓNUS KJARNABRAUÐ 500GR
159 kr.



1498

KJÖRFUGL FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
1498 kr./kg.



498

KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
498 kr./kg.



489

BÓNUS PYLSUR
30% AFSLÁTTUR MERKT VERÐ 698 KR./KG.
PYLSAN CA. 25 KR. 489 kr./kg.



98

BÓNUS PYLSUBRAUÐ 5 STK 98 kr.



1998

KALKÞÖRUNGAR 5 kg 1298 kr 10 kg 1998 kr.



1298



129

ES HVÍTLAUSKBRAUÐ 2 STK AÐEINS 129 kr.



BONUS BÝÐUR BETUR



AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



1079

KS FROSID LAMBALÆRI
1079 kr./kg.



LAMBAKJÖT FERSKT OG FROSID



1798

KS FERSKT LAMBAPRIME 1798 kr./kg.



1359

KS LAMBAHRYGGUR Í SNEIDUM 1359 kr./kg.



1359

KS LAMBALÆRI Í SNEIDUM 1359 kr./kg.



698

FERSKAR GRÍSAKÓTILETTUR 698 kr./kg.



1398

KF LAMBAHRYGGUR KRYDDAÐUR 1398 kr./kg.



98

BÓNUS STÓR
HAMBORGARABRAUÐ 4 STK 98 kr.



459

ES FROSIN JARÐARBER
1 KG 459 kr.



398

GRILLBORGARAR
4 STK M/BRAUÐI 398 kr.



198

BÓNUS
MJÓLKURKEX
600g 198 kr.

BÓNUS
HAFRAKEX 200g
98 kr.



50%
AFSLÁTTUR

SÆLGLÆTISBARINN
50% AFSLÁTTUR
Alla daga 80 kr.pr. 100 gr poki.



1169

BÓNUS FROSNAR LAMBAKÓTILETTUR
Í RASPI 1169 kr./kg.



298

BÓNUS KOFAREYKT SVEITABJÚGU
298 kr./kg.

BÓNUS BÝÐUR BETUR



AFGREIÐSLUTÍMI: FÖSTUDAGUR 10:00 TIL 19:30.

GUÐMUNDUR EGGERTSSON
PRÓFESSOR ER FÆDDUR ÞENNAN
DAG ÁRIÐ 1933.

„Hver lífvera býr yfir sínum
sérkennum, sínum sérstöku
lausnum á þeim vanda að
vera lifandi.“

Guðmundur er prófessor í líf-
fræði við Háskóla Íslands.



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 24. APRÍL 1970

Umsátur í menntamálaráðuneyti

Um 90 ung-
menni lögðu undir
sig ganga fram-
an við skrifstof-
ur menntamála-
ráðuneytisins þenn-
an dag árið 1970.
Þau voru að lýsa
stuðningi sínum
við námslaunakröf-
ur íslenskra náms-
manna erlendis en
ellefu þeirra höfðu
nokkrum dögum
fyrir ráðist inn í
sendiráð Íslands í
Stokkhólmi til að mótmæla bágum kjörum.

Unga fólkíð í menntamálaráðuneytinu var úr
nokkrum framhaldsskólum og sat sem fastast á



göngum þannig
að starfsfólk
komst ekki milli
herbergja og þeir
sem áttu erindi í
ráðuneytið kom-
ust ekki inn.

Ekkert var að
gert fyrst í stað en
þar kom að lög-
reglan bar fólk
út úr húsinu eftir
að hafa beðið
það að fara með
góðu. Urðu þá
miklar stimping-
ar og voru sex piltar og ein stúlka flutt í fanga-
grymslu en var sleppt eftir stutta viðdövl. Þrír
piltar og ein stúlka þurftu á Slysavarðstofuna.

MERKISATBURÐIR

- 1840 Sveinn Pálsson, læknir og náttúrufræðingur, deyr, 77 ára að aldri.
- 1914 Dauðadómur er kveðinn upp í síðasta sinn á Íslandi en var síðar breytt í ævilangt fangelsi.
- 1977 Tékkneski stórmeistarinn í skák, Vlastimil Hort, setur heimsmet í fjöltefli á Sel-tjarnarnesi þegar hann teflir við 550 manns á rúmum sólarhring.
- 1978 Dr. Jóhannes Nordal seðlabankastjóri skýrir frá athugun Seðlabankans á nýjum gjaldmiðli sem verði hundrað sinnum verðmeiri en núgildandi króna.
- 1982 Jón Páll Sigmarsson setur tvö Evrópumet á móti í Sjónvarpinu.

AFMÆLI



JÓN ÍSBERG,
fyrirverandi
sýslumaður,
er 85 ára.



RÓBERT
TRAUSTI
ÁRNASON,
fyrirverandi
forsetaritari,
er 58 ára.



BÁRA
GRÍMSDÓTT-
IR tónskáld
er 49 ára.



FRÍÐRIK
KARLSSON
gítarleikari er
49 ára.

Kominn á sitt gamla horn

Steingrímur Ólason fiskisali, sem gerði garðinn frægan í Fiskbúðinni við Sundlauga-veg um árabíl, er kominn þangað aftur. Hann mætir til starfa snemma á morgnana eins og hann var vanur og opnar búðina klukkan níu.

Verslunin hefur síðustu ár verið rekin undir merkjum Fiskisögu en nú hefur Steingrímur keypt hana og á örugglega eftir að bæta geð viðskiptavina sinna bæði með ferskum fiski og bröndurum.



MÆTTUR TIL LEIKS Fisksalinn góðkunnir, Steingrímur, rogast með risahlýra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



KVENFÉLAGSKONA Í 25 ÁR Margrét Baldursdóttir á Króki.

MYND/FANNEY ÞÓRA MAGNÚSDÓTTIR

KVENFÉLAG BISKUPSTUNGNA: ER ÁTTATÍU ÁRA

Próast í takt við tíðarandann

„Þetta er fyrst og fremst líknar- og menningarfélag,“ segir Margrét Baldursdóttir um Kvenfélag Biskupstungna sem var stofnað í apríl 1929. Það fyllir því áttunda tuginn í ár og fagnar því með ýmsum hætti. Margrét telur starfið alla tíð hafa verið blómlegt. „Við erum 53 í félaginu, þar af sex heiðursfélagar. Á tímabili var meðalaldurinn að hækka svoltið en undanfarin ár hafa ungu konurnar verið að skila sér. Svona félag sem er alltaf lifandi, þróast í takt við tíðarandann en við gleymum því ekki að alltaf er þörf fyrir félagsskap sem styður við góð málefni.“

Talið berst að upphafinu. „Félagið var stofnað mest fyrir forgöngu Önnu Eggertsdóttur í Laugarási og hún var formaður fyrstu árin. Stofnfélagarnir voru tuttugu. Á tíu ára afmælinu var tekið saman yfirlit af frú Sigurlaugu Erlendsdóttur, prestsfrú á

Torfastöðum, sem var formaður í 23 ár. Þar stendur: „Tilgangurinn var fyrst og fremst sá að konurnar kynntust betur, hittust oft og ræddu sameiginleg áhugamál, að láta hvert gott mál í sveitinni til sín taka og veita því það lið sem við megnuðum.“ Lög félagsins hafa staðist ótrúlega vel tímans tönn. Í þeim segir að hvern fund skuli hefja með söng eða upplestri og því hefur verið við haldið,“ lýsir Margrét.

Stuðningur við Sjúkrahús Suðurlands, skólana í sveitinni og félagsheimilið Aratungu er meðal þess sem Margrét telur upp af verkefnum kvenfélagsins. Einnig veitingasala sem í seinni tíð einkorðast við erfisdrykkjur. Námskeið hafa verið haldin í hinum ýmsu greinum og áratuga hefð er fyrir skemmtiferðum, meðal annars á kvennafridaginn 19. júní. Ein utanlandsferð er líka í baksvínspælinu.

„Við fórum til Búdapest 2006,“ rifjar Margrét upp. „Gáfum út uppskriftabók sem heitir Tungnaréttir og er seld í Bjarnabúð og víðar. Allur ágóði af sölu fer í ferðasjóð. Svo hafa fjáröflunarleiðir verið ýmsar, til dæmis kökubasar á sumrin og jólamarkaður.“

Margrét er í stjórn kvenfélagsins. Hún býr á Króki í Biskupstungum en er frá Kirkjuferju í Ölfusi. „Ég flutti hingað 1977 og gekk í kvenfélagið 1984. Hef sem sagt verið í því í 25 ár og er ekki á förum!“ segir hún glæðlega. Spurð hvað það hafi gefið henni svarar hún: „Það hefur gefið mér mjög mikið. Til dæmis hef ég kynnst fólkinu í sveitinni mun betur en ella. Það sem stendur upp úr er þó að hafa getað tekið þátt í að styrkja fólk sem hefur lent í erfiðleikum eða áföllum. Þá hef ég verið hvað stoltust af því að vera kvenfélagskona.“

gun@frettabladid.is



Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð,
vináttu, hlýðug og styrk vegna andláts og
útfarar ástkærrar móður okkar, tengda-
móður, ömmu og langömmu,

Margrétar Ögmundsdóttur
Hraunbæ 103, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks líknardeildar
Landakotspítala fyrir frábæra umönnun.

Guðrún Jónsdóttir Oddur Þórðarson
Jóna Jónsdóttir Pétur Eiríksson
Guðlaugur G. Jónsson Sigríður I. Ágústsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Alvarleg áhrif áfalla í æsku

Forvarnir er besta leiðin, ráðstefna um forvarnir gegn kynferðislegu ofbeldi á börnum fer fram í Háskólanum í Reykjavík dagana 19. til 20. maí.

Hugmyndin með ráðstefnunni er að sýna fram á mikilvægi þess að einstaklingar sem hafa orðið fyrir ofbeldi leiti sér hjálpar og mikilvægi þess að fagfólk sé vel upplýst um hvernig best er að hjálpa hverjum einstakling fyrir sig.

Fjöldi fræðimanna flytur fyrirlestra á ráðstefnunni. Þeirra á meðal verður David Burton, MSW, Ph.D, sem fjallar um rannsóknir og samburð á meðferðarúrræðum fyrir unga gerendur, en sá hópur sem fer ört vaxandi í kynferðisbrotum eru ung-

menni sem gera sig sek um kynferðislega misnotkun.

Þá fjallar Linn Getz læknir um hvaða áhrif áföll í æsku geta haft á heilsuna síðar. „Áföll í æsku geta haft mjög alvarlegar afleiðingar í för með sér á bæði líkamlega og andlega heilsu, síðar á lífsleiðinni. Því þarf að tryggja að öll börn fái öruggt uppeldi. Þá myndum við spara mikla fjármuni í öllu heilbrigðiskerfinu,“ segir Linn. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna á vefsíðunni www.blattafram.is.

GILDI FORVARNA Linn telur að tryggja verði öruggt uppeldi barna. Áföll í æsku geti haft alvarleg áföll síðar meir. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



Í OPINNI DAGSKRÁ



KOSNINGAPARTÝ Á STÖÐ 2

X-LOGI Í BEINNI Á LAUGARDAG KL. 21:00

BUBBI MORTHENS

ÖRN ÁRNASON OG PÁLMI GESTSSON
ÚR SPAUGSTOFUNNI

20 FYNDNUSTU ATRIÐIN
ÚR SÖGU STÖÐVAR 2

AUDDI OG SVEPPI

Reglulegar innkomur frá Audda og Sveppa úr
kosningapartýum víðsvegar um bæinn

INGÓ OG VEÐURGUÐIRNIR

STÖÐUGUR GESTAGANGUR
ALLT KVÖLDIÐ

KOSNINGADAGSKRÁ KVÖLDSINS

21:00 X-Logi í beinni

22:00 Fréttir

22:20 X-Logi í beinni

00:00 Fréttir og formenn flokkanna



Helgar

FRÉTTABLAÐIÐ



blað

alla laugardaga

Helgarblaðið:

Óskar Páll Sveinsson:
Eurovision og baráttan við
Bakkus.

Fóbíur leynast víða
– fólk með fóbíur segir frá.

Kosningadagurinn fyrr á
tímum.



Ferðir:

Mótorhjólakappakstur á
ströndinni – Spessi fer á
Daytona Bike Week.



Heimili og hönnun:

Huggulegt á svölunum.
Nokkrar hugmyndir að
notalegum stundum úti
við.

Allt sem þú þarft



NOKKUR ORÐ
Kjartan
Guðmundsson

Þeir skutu uns hann var dauður

Ég varð þeirrar gæfu aðnjótandi að hafa góða og skemmtilega mannkynssögukennara út alla skólagönguna. Menn og konur sem höfðu á greininni brennandi áhuga sem smitaðist auðveldlega til nemandanna. Að sama skapi áttu námsbækurnar til að vera ósköp þurrar og þreytandi aflestrar. Eftir áralanga reynslu get ég fullyrst að ekkert reynir meira á hálfþroskuð þolrif ungmennis en þrautleiðinleg skólabók. En það er eins með þetta vandamál og önnur að á því er til lausn, og sú lausn er Boney M.

Það yrði hægur leikur að byggja heilu heilsárskúrsana í mannkynssögu á tónlist og textum diskóboltanna í Boney M. Gildir þá einu hvort umfjöllunarefnið er síðasta keisaraættin í Rússlandi, íslensk stjórnmálasaga á 20. öld eða flest allt þar á

milli. Lítum á örfá handhæg dæmi: *Rasputin*: Ítarlegustu alfræðiorðabækur komast ekki með tærnar þar sem Boney M hefur hælana í að gæða sögu kynóða munkins dulúð og lífi. „He ruled the Russian land and never mind the czar, but the kashochok he danced really wunderbar... RA-RA-RASPUTIN, Russia's greatest love machine, and so they shot him till he was dead!“ sungu karabísku Þjóðverjarnir og drógu ekkert undan í grafískum lýsingum. *Rivers of Babylon*: Uppruni zionismans í knýttum bókum rakinn á nákvæman hátt. *Brown Girl in the Ring*: Tengingin við Amal Rún Quase er augljós. Hún steig óhrædd í framboðshring Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar árið 1994 og skar sig úr fjöldanum. Og svo mætti lengi telja. Svo er líka gott að dansa við þetta. Borðleggjandi dæmi.

myndasögur

■ Pondus

Eftir Frode Øverli



■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




■ Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell



■ Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman





Iceland Express



skemmtilegri



HRAFNA



LÍSA



ANNA HLÍN



MATTI



SYLVÍA RÚN



IDOL STJÖRNULEIT Í KVÖLD KL. 20:00

FIMM MANNA ÚRSLIT

BJÖRGVIN HALLDÓRSSON SEGIR SÖGURNAR Á BAKVIÐ LÖGIN

IDOL STJÖRNURNAR FLYTJA BESTU LÖG BJÖRGVINS



ÞAD ER
ODYRARA
AÐ SKEMMTA SÉR HEIMA

> BROTIST INN HJÁ HAYDEN

Heroes-leikkonan Hayden Panettiere er með böggum hildar eftir að þjófar stálu rándýrum skartgripum af heimili hennar í Los Angeles. Hayden, sem er 19 ára, uppgötvaði þjófnaðinn þegar hún kom heim til sín eftir frí. Skartgripirnir eru metnir á tvær milljónir króna. Lögregla rannsakar málið.




Gibson með þrjár í takinu

Eftir að hafa lifað fremur rólegu og kyrrlátu lífi með konu sinni til 28 ára, verið trúrækin maður með kabólka kirkju í garðinum, þá eru ástamál ástralska stórleikarans Mels Gibson farin að taka á sig heldur skrautlega mynd. Eins og komið hefur fram í fjölmiðlum er Gibson nú að skilja við eiginkonu sína.

Svo virðist að Mel hafi ekki verið við eina fjölinna felldur heldur haft þrjár í takinu. Breska blaðið The Sun greindi frá því fyrir skemmstu að rússneska feðurárdísinn Oksana Pocheva hefði átt náðugar stundir með leikaranum á Kosta Ríka. Pocheva fór fögrum orðum um Mel og ást hans á sér en lögfræðingum leikarans var ekki skemmt og The Sun sagði frá því í gær að henni hefði

verið skipað að þegja um sín mál í fjölmiðlum. Vefútgáfa Chigaco Sun Times skellti því á forsiðu sína í gær að Mel ætti vingott við aðra Oksönu. Hún er fyrrum heitmei Timothy Dalton, gamla James Bond-leikarans. „Aðeins“ fjórtán ára aldursmunur er á þeim tveim og samkvæmt Sun Times er leikarinn yfir sig ástfanginn af þeirri Oksönu en vill víst lítið kannast við þá fyrri þótt eflaust hafi leiðir þeirra tveggja einhvern tímann legið saman.

Gibson þarf hins vegar fyrst að seilast ofan í djúpa pyngju sína þegar skilnaður hans og Robyn verður tekinn fyrir því hjónakornin gerðu skilmála áður en þau giftust og sá ætti að tryggja Robyn Gibson nógu margar krónur til að geta átt náðuga daga það sem eftir er.



FLÓKID MÁL Það er ekki auðvelt að vera Mel Gibson þessa dagana því svo virðist sem leikarinn hafi haft þrjár í takinu; tvær Oksönu og svo fyrrverandi eiginkonu sína. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

fólk

folk@frettabladid.is

Skoðaðu **Mín Vildarborg** ferðablað Icelandair á www.icelandair.is

ICELANDAIR
WWW.ICELANDAIR.IS

Það vill enginn vera með hægðatregðu á kjördag

Á morgun verður gengið til kosninga í einum sögulegustu alþingiskosningum síðari tíma. Mikið álag hefur verið á frambjóðendum stjórnmálaflokkanna og má reikna með að taugarnar verði þandar til hins ýtrasta þegar úrslit taka að berast. Þeir geta þó létt undir með sér með því að borða rétt.

„Það er mjög mikilvægt að skipuleggja máltíðir yfir daginn, þær þurfa að vera á þriggja til fjögurra tíma fresti. Menn geta jafnvel látið farsímann hringja til að minna sig á hvenær maður eigi að borða,“ segir Sölvi Fannar Viðarsson hjá Heilsuráðgjöf. Hann telur jafnframt að menn eigi að setja það niður fyrir sig hvenær þeir ætli að hafa kyrrðarstund með sjálfum sér yfir daginn þar sem þeir geti farið yfir það með sjálfum sér hvort þeir séu á réttri leið. „Af því tilefni er kannski gott að rifja upp gamalt máltæki, að ef þú hittir tvo fylupúka á sama stað, kynntu þá fyrir hvor öðrum og taktu til fótanna, andlegur undirbúningur er nefnilega ekkert síður mikilvægur en sá líkamlegi,“ útskýrir Sölvi og líkir álagi á frambjóðendum við það þegar íþróttamenn takast á við stórvíðburði á sínum ferli.

En þá að heppilega mataræðinu. Fríða Rún Þórðardóttir næringarsérfræðingur gefur frambjóðendum upp tvenns konar morgunverð, mjög góða, sem þeir ættu að hafa í huga þegar þeir vakna á kjördag. „Annars vegar er það hafragrautur með einni til tveimur matskeiðum af sólblómfræjum. Hins vegar gæti það líka verið Cheer-



ÁVEXTIR OG VATN Sölvi Fannar og Fríða Rún ráðleggja frambjóðendum að halla sér frekar að kolvetnum í stað prótíns, skynsamlegast sé þó að blanda þessu tvennu saman. Vatn gæti leikið lykhluverk á kjördag.

ios eða hafrakoddar með undanrennu eða léttmjólk.“ Sölvi tekur undir þetta en bendir jafnframt á að dagurinn fyrir kosningar sé ekkert síður mikilvægur. „Menn eiga að borða þá nægjanlega mikið af kolvetnum og hafa matinn skynsamlega samansettan. Menn mega heldur ekki gleyma góðum svefni sem er algjör lífsnauðsyn, fá sér flóaða mjólk og hunang áður en þeir leggjast á koddann og gefa sér jafnvel fimm mínútur til að stilla sig aðeins andlega,“ ráðleggur Sölvi.

Hann bendir jafnframt á að frambjóðendum skyldu hafa gullna reglu í huga; að drekka jafnmikið af vatni og þeir drekka kaffi og borða grófa fæðu og kornmeti. „Þetta er gott fyrir hægðirnar því ég reikna með því að enginn vilji vera með hægðatregðu á kjördag,“ segir Sölvi. Hann bendir jafnframt á að rétt fæði geti haft mikil áhrif



á taugarnar, sé fæðan vitlaust samansett geti menn orðið taugatrektari en þeir þyrftu að vera. Bæði Sölvi og Fríða ráðleggja frambjóðendum að forðast mjög prótínrikan mat svo sem fisk, kjöt, egg, mjólk og baunir. „Þetta getur skipt gríðarlega miklu máli því svona hlutir hafa áhrif á sýrustig líkamans, menn geta orðið andfúlur og svo framvegis. Annars er mjög gott að hafa einhverja ferska mintu í vasanum til að forðast andremmu,“ segir Sölvi. Og hann bætir við að ef menn freistist til að borða skyndibita á borð við Sóma-samlöku sé gott ráð að fá sér ávöxt með. „Annars getur blóðsykur farið á flug og þá fyrst verða taugarnar vandamál.“

freyrgigja@frettabladid.is

MATSEÐILL FYRIR FRAMBJÓÐENDUR

Morgunmat

Eitt glas af vatni, hafragrautur með 1-2 msk. af sólblómfræjum eða fræblöndu. Gott að skera epli út í og hita með. Eitt glas af hreinum ávaxtasafa.

Millibíti klukkan 10

Eitt glas af vatni, banani eða ávextir af ávaxtabakka.

Hádegismatur og kvöldmat

Tvö glös af vatni, kjöt eða fiskur og létt sósa. Kartöflur, hrisgrjón, pasta eða núðlur. Grænmeti, soðið og ferskt salat með fræjum og fetastí.

Millibíti klukkan 15-16

Eitt glas af vatni Skyrdós/skyrdrýkkur Smoothie-drykkur eða ein ferna af hreinum ávaxtasafa helst með aldinkjötinu.

Bland í poka: Döðlur, möndlur, rúsínur, apríkósar, hnetur, fíkjur.

Snarl á meðan beðið er úrslitanna

Eitt glas af vatni Popp, saltstangir, hnetur, möndlur eða bland í poka: döðlur, möndlur, rúsínur, apríkósar, hnetur, fíkjur.

Unnið upp úr ráðleggingum Fríðu Rúnar.

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Sími 551 1200 / midasala@leikhusid.is / www.leikhusid.is

Kardemommubærinn (Stóra sviðið)

Lau 25/4 kl. 14:00	U	Sun 10/5 kl. 17:00	U	Lau 30/5 kl. 14:00	U
Lau 25/4 kl. 17:00	U	Lau 16/5 kl. 14:00	U	Lau 30/5 kl. 17:00	U
Sun 26/4 kl. 14:00	U	Lau 16/5 kl. 17:00	U	Fim 4/6 kl. 18:00	Ö
Sun 26/4 kl. 17:00	U	Sun 17/5 kl. 14:00	U	Fös 5/6 kl. 18:00	U
Þri 28/4 kl. 18:00 aukas.	U	Sun 17/5 kl. 17:00	U	Lau 6/6 kl. 14:00	U
Sun 3/5 kl. 14:00	U	Sun 24/5 kl. 14:00	U	Lau 6/6 kl. 17:00	U
Sun 3/5 kl. 17:00	U	Þri 26/5 kl. 18:00	U	Sun 7/6 kl. 14:00	U
Þri 5/5 kl. 18:00	U	Mið 27/5 kl. 18:00	U	Sun 7/6 kl. 17:00	U
Sun 10/5 kl. 14:00	U	Fös 29/5 kl. 18:00	U	Lau 13/6 kl. 14:00	Ö

Sýningar haustsins komnar í sölu

Hart í bak (Stóra sviðið)

Lau 2/5 kl. 20:00	Ö	Lau 9/5 kl. 20:00	Ö
Fös 8/5 kl. 20:00	Ö	Fös 15/5 kl. 20:00	Ö

Sýningum lýkur 15. maí. Tryggðu þér sæti

Þrettándakvöld (Stóra sviðið)

Fös 24/4 kl. 20:00 að sýn. Ö

Í samstarfi við Nemendaleikhúsh Listaháskóla Íslands

Sædýrasafnið (Kassinn)

Fös 24/4 kl. 21:00	Ö	Lau 25/4 kl. 21:00	Ö	Sun 3/5 kl. 21:00	Ö
--------------------	---	--------------------	---	-------------------	---

Ath. snarpt sýningatímabil

Skoppa og Skríttla í söng-leik (Kúlan)

Lau 25/4 kl. 13:00	Ö	Lau 2/5 kl. 13:00	Ö	Lau 9/5 kl. 13:00	Ö
Lau 25/4 kl. 14:30	Ö	Lau 2/5 kl. 14:30	Ö	Lau 9/5 kl. 14:30	Ö

Eterinn (Smíðaverkstæðið)

Fös 24/4 kl. 21:00	Ö	Fim 30/4 kl. 21:00	Ö
--------------------	---	--------------------	---

Miðaverð aðeins 2.000 kr. Sýningum að ljúka.

Creature - gestasýning (Kassinn)

Fim 14/5 kl. 20:00	U	Lau 16/5 kl. 20:00	U
Fös 15/5 kl. 20:00	Ö	Sun 17/5 kl. 20:00	Ö

Þjóðleikur - leiklistarhátíð á Egilstöðum 24.-26. apríl

Auglýsingasími

512 50 50

FRÉTTABLAÐIÐ

Nýjan kaptein í brúna

Sigurhátíð kapteinsins á Jacobsen, föstudaginn 24. apríl milli 21.00 - 01.00.

www.xc.is



LANE GARRISON Situr inni fyrir manndráp en losnar fljótlega vegna góðrar hegðunar.

Sleppur úr fangelsi

Prison Break-leikarinn Lane Garrison losnar fyrr úr fangelsi en áætlað var vegna góðrar hegðunar. Garrison hefur setið inni síðan í nóvember 2007 eftir að hann var sakfelldur fyrir manndráp. Leikarinn missti stjórn á bíl sínum í Hollywood árið 2006 með þeim afleiðingum að einn farþegi lést og tveir slösuðust alvarlega.

Búist er við því að Garrison verði sleppt á reynslulausn innan nokkurra vikna. Hann er 28 ára gamall.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

Föstudagur 24. apríl 2009

→ Tónleikar

20.30 Kór Menntaskólans í Reykjavík verður með tónleika í Seltjarnarneskirkju. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.



21.00 Á Sódómu Reykjavík við Tryggvagötu verða haldnir tónleikar til að vekja athygli á erfiðri stöðu flóttamanna og hælisleitenda hér á landi. Fram koma m.a. **Vicky, Skorpulífur** og **AMFJ** auk þess sem **Megas** og **Ágústa Eva** munu endurtaka efni sem þau fluttu á Lee Hazlewood-minningartónleikum.

21.00 Trío Björns Thoroddsen og **Andrea Gylfadóttir** verða með útgáfutónleika á Græna hattinum við Hafnarstræti 96 á Akureyri. **Helgi Hrafn Jónsson** hitar upp.

21.30 **Chet Republic** verður með djasstónleika á Café Cultura við Hverfisgötu 18. Sérstakur gestur tónleikanna er **Kristbjörn Helgason**.

23.00 **The Lumberjanes, Nanna** og **Aðalheiður, Hellvar, Klaus** og **Mega-bæt** verða á Paddy's, Hafnargötu 38, Reykjavnesbæ.

23.00 Queen Tribute bandið **Killer Queen** spila á Mælifelli á Sauðárkróki

→ Leiklist

Leiklistarháttíðin Þjóðleikur fer fram á Egilstöðum 24.-26. apríl. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.leikhusid.is.

→ Fyrirlestrar

16.30 Í Norræna húsinu við Sturlugötu mun landslagsarkitektinn **Vigdis Lobenz** flytja erindi um norska ferðamannavegi en þeir hafa vakið heimsathygli vegna hönnunar og mikilla umhverfisgæða. Fyrirlesturinn fer fram á norsku.

→ Djass



Djassháttíð Garðabæjar 23.-25. apríl. Ókeypis er á alla tónleika háttíðarinnar. Dagskrá og nánari upplýsingar á www.gardabaer.is.

21.00 Trío Ómars Guðjónssonar leikur í heimili Vídalínskirkju við Kirkjulund.

→ Dansleikir

Papar verða á Players við Bæjarlind 4 í Kópavogi.

Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is

Stefán Hilmars kominn í djassinn

„Já, já, þess vegna er hann hér – æðislegur trommari,“ segir Sigurður Flosason saxófónleikari og er að tala um goðsögnina Pétur Östlund.

Hljómsveit Sigurðar, Bláir skuggar, mun koma fram á Djassháttíð Garðabæjar sem haldin er árlega. Þetta er í fjórða skipti sem hún er haldin og stendur yfir helgina. Sigurður leggur áherslu á að frítt sé á alla viðburði háttíðarinnar en þar koma fram ásamt Bláum skuggum trío Ómars Guðjónssonar auk þeirra hjóna Ellenar Kristjánsdóttur og Eyþórs Gunnarssonar sem flytja rómaða sálma-dagskrá sína.

Djasssveitin Bláir skuggar er ekki skipuð neinum aukvis-

um – rjóminn af hinni svokölluðu útlendingahersveit, það er landflotta djössurum, þeir Pétur Östlund og gítarsnillingurinn Jón Páll Bjarnason eru þar ásamt þeim Sigurði og Þóri Baldurssyni sem spilar á hammond orgel. Og það sem meira er: Sérlegur gestur hinna Bláu skugga er Stefán Hilmarsson. Stefán er vitaskuld einhver þekktasti dægurlagasöngvari landsins en ekki var vitað til þess að hann legði fyrir sig að syngja djass. Og verður forvitnilegt að sjá hvernig hann plumar sig með gömlu djasshundunum.

-jbg

BLÁIR SKUGGAR Engir aukvisar þar á ferð en með þessum djasshundum ætlar Stefán Hilmarsson að syngja.



Það sem Síminn vill ekki að þú sjáir

Frá því í október 2008 hafa GSM áskrifendur í Vodafone Gull átt þess kost að fá 5 vini óháð kerfi á 1.580 kr. Innifaldar 1.000 mín. á mán. að verðmæti 14.800 kr.

Við bjóðum:

- Lægra mánaðargjald 1.580 kr. (Síminn 1.990 kr.)
- Lægra mínútuverð 14,80 kr. (Síminn 14,90 kr.)
- Lægra upphafsgjald 5,40 kr. (Síminn 5,90 kr.)

Hringdu í 1414 og skráðu þig í Vodafone Gull strax í dag.

Við elskum þig fyrir minna

vodafone

Flicen SIA / Við elskum þákur líta NM

Tarantino verður í Cannes

Það verður sannkallað stórkotið á kvikmyndahátíðinni í Cannes í næsta mánuði. Skipuleggjendur hafa boðið nokkrum gömlum og góðum vinum hátíðarinnar að frumsýna nýjar myndir sínar; stórnöfnum á borð við Ang Lee, Pedro Almodovar, Jane Campion, Lars Von Trier, Terry Gilliam og Quentin Tarantino.

Mesta eftirvæntingin er vegna nýjustu myndar Tarantinos, Inglourious Bastards, sem fjallar um bandaríska hermenn sem berjast við nasista í seinni heimsstyrjöldinni. Brad Pitt leikur aðalhlutverkið. Eins og kunnugt er sló

Tarantino í gegn þegar hann vann Gullpálmann á Cannes árið 1994 fyrir Pulp Fiction.

Von Trier mætir með hryllingsdramað Antichrist sem skartar Willem Dafoe og Charlotte Gainsbourg í aðalhlutverkum og Almodovar frumsýnir forvitnilega mynd, Abrazo Rotos, með Óskarsverðlaunahafanum Penelope Cruz í aðalhlutverki. Þá á mynd Terry Gilliams eftir að vekja forvitni. Hún kallast The Imaginarium of Doctor Parnassus og er síðasta myndin sem Heath Ledger lék í áður en hann lést. Kvikmyndahátíðin í Cannes fer fram 13. til 24. maí.



QUENTIN TARANTINO Reynir við Gullpálmann í Cannes. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Glæsileg útskriftarsýning opnuð á Kjarvalsstöðum

Á sumardaginn fyrsta var opnuð sýning með 73 verkum útskriftarnema úr myndlistardeild og hönnunar- og arkitektúrdeild Listaháskóla Íslands á Kjarvalsstöðum. Fjöldi manns sótti sýninguna en verk nemenda þar er afrakstur þriggja ára BA-náms við Listaháskólann. Meðal þeirra fjölbreyttu verka sem eru á Kjarvalsstöðum þar til að sýningu lýkur hinn 3. maí eru vídeóskulptúrur, ljósmyndir, furðuverur, innsetningar, útverk, klippimyndir, draumfarir, málverk, teikningar, gjörningar, veggspjöld og rannsóknarstofa. Sýningarstjórar eru Finnur Arnar Arnarson, Kristján Örn Kjartansson og Kristján Eggertsson.



ÚTSKRIFTARSÝNING Porvaldur Jónsson ásamt verki sínu „Tótem“. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



María Dalberg við verk sitt „Streymi“.



Úr myndbandsverki Þórðar Grímssonar „Mara“.

Ónefnt verk eftir Davíð Hólm Júlíusson.

Porgerður Ólafsdóttir og verk hennar „LISAND“.



NÝTT Í BÍÓ!

BÍÓDAGAR 2009
17 MYNDR Á 17 DÖGUM FRÁ 17. APRÍL - 4. MAÍ

CRANK 2: HIGH VOLTAGE LÚXUS 16
HANN VAR DAUÐUR... HJUNA LÍÐUR HONUM HÍKILJÓRETUR
JASON STATHAM ER MÆTTUR AFTUR Í HLUTVERKI HINS ÖÐREPANLEGA CHEV CHELIOS.

17 AGAIN 2my1 kl. 1 - 3.50
HVER SEÐIR AD ÞU SÉRT BAFA UNGUR EINU SINNT?

DRAUMALANDIÐ 16
Einhver áhrifamesta og mikilvægasta mynd síðustu ára!
Byggð á bók eftir Andra Snæ Magnason

SMÁRRÁ BÍÓ Sími 564 0000 **TILBOÐSVERÐ**

CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16	DRAUMALANDIÐ	kl. 6 - 8 - 10	L
CRANK 2: HIGH VOLTAGE LÚXUS	kl. 5.50 - 8 - 10.10	16	STATE OF PLAY	kl. 8 - 10.30	12
17 AGAIN	kl. 3.20 - 5.50 - 8 - 10.20	L	BÍÓDAGAR GRÆNA LJÓSSINS 17. APRÍL - 4. MAÍ		L
I LOVE YOU MAN	kl. 8 - 10.10	12	ME AND BOBBY FISHER	kl. 8 ísl. texti	L
DRAUMALANDIÐ	kl. 5.50 - 8	L	GOMORRA	kl. 10 ísl. texti	16
FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN	kl. 3.50	L	GARBAGE WARRIOR	kl. 6 ísl. texti	L
FAST AND FURIOUS	kl. 5.45 - 10.15	12	HUNGER	kl. 8 ótextuð	14
MALL COP	kl. 3.40	5%	DIE WELLE	kl. 6 enskur texti	12
BLÁI FILLINN	kl. 3.50	L	TWO LOVERS	kl. 8 ísl. texti	12

REGNBÖGINN Sími 551 9000 **750 kr.**
ÓDÝRT Í BÍÓ!

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500

I LOVE YOU MAN	kl. 5.50 - 8 - 10.10	12	CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 5.50 - 8 - 10	16
FAST AND FURIOUS	kl. 5.50 - 8 - 10.10	12	17 AGAIN	kl. 5.50 - 8	L
MALL COP	kl. 5.50 - 8 - 10.10	L	FAST AND FURIOUS	kl. 10	12
DRAGONBALL	kl. 6	7			
MARLEY AND ME	kl. 8 - 10.20	L			

FÆRD 5% ENDURGREITT EF ÞU BORGAR BÍÓDAGINN MED KREDITTKORTI AUKAKRÓNUR

NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

CRANK **POWER SÝNING** kl. 08.00

STATE OF PLAY

FRANKLÍN og Fjarsjóðurinn

MONSTERS VS. ALIENS

SÝNINGARTÍMAR

CRANK 2: HIGH VOLTAGE	kl. 6, 8 og 10 - POWER	16
STATE OF PLAY	kl. 5.30, 8 og 10.30	12
FRANKLÍN	kl. 4 - ísl. tali	L
MONSTERS VS. ALIENS	kl. 4 - ísl. tali	L
MONSTERS VS. ALIENS 3D	kl. 4 - ísl. tali	L
VILTUVINNA MILLJARÐ(500kr)	kl. 5.50, 8 og 10.15	12

OBSERVE AND REPORT FUNNY AS HELL
Svartasti húmor í manna minnum.

UNBORN Magnaður spennuþriller frá framleiðandanum Michael Bay.

17 AGAIN ZACERFRON

ALFABAKKA

OBSERVE AND REPORT	kl. 6 - 8D - 10:10D	16
OBSERVE AND REPORT	kl. 4 - 8 - 10:10	VP
THE UNBORN	kl. 8 - 10:10	16
THE UNBORN	kl. 6	VP
17 AGAIN	kl. 3.40 - 5.50 - 8 - 10:20	L
I LOVE YOU MAN	kl. 8 - 10:20	12
PUSH	kl. 5.50	12
MON. VS. ALIENS m/ísl. tali	kl. 3:40(3D) - 5:50(3D)	L
MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 3:40 - 5:50	L
KNOWING	kl. 8 - 10:20	12
CHIHUAHUA m/ísl. tali	kl. 3:40	L
BOLT m/ísl. tali	kl. 3:40	L

SELFLOSS

I LOVE YOU MAN	kl. 8 - 10:20	12
FAST & FURIOUS	kl. 8 - 10:20	12
BOY IN THE STIPED PYJAMAS	kl. 6	12
MALL COP	kl. 6	12

AKUREYRI

PUSH	kl. 6	12
STATE OF PLAY	kl. 8 - 10:20	12
OBSERVE AND REPORT	kl. 8 - 10:20	16
MONSTERS VS ALIENS	kl. 6	L

KEFLAVÍK

17 AGAIN	kl. 5:50 - 8 - 10:10	L
FAST AND FURIOUS	kl. 8	12
KNOWING	kl. 10:10	12
MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 6	L

KRINGLUNNI

THE UNBORN	kl. 6:10 - 8:20 - 10:20	16
OBSERVE AND REPORT	kl. 6:10D - 8:20D - 10:20D	16
MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 4(3D) - 6:10(3D)	L
MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali	kl. 4	L
LET THE RIGHT ONE IN	kl. 8 - 10:20	16
BAADER MEINHOF COMPLEX	kl. 3:30	16

SparBíó 550kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED APPELSÍNUGULU

SparBíó 850kr
Á ALLAR SÝNINGAR MERKTAR MED GRÆNU

Handsprengrur og Vonnegut

Það hafa verið að byggjast hægt og örugglega upp miklar væntingar til hljómsveitarinnar Sudden Weather Change síðustu misseri. Hún fékk góða dóma fyrir frammistöðu sína á Iceland Airwaves 2008 bæði í íslenskum fjölmiðlum og erlendum, þ.á m. Pitchforkmedia og Drowned in Sound og þegar Morgunblaðið kannaði í byrjun árs hvaða íslenski tónlistarmaður væri líklegastur til að brjótast upp á yfirborðið á árinu 2009 nefndu flestir Sudden Weather Change.

Sudden Weather Change er skipuð fimm strákum, þremur gítarleikurum (einn þeirra grípur í hljómborð líka), bassaleikara og trommuleikara. Gítarsamspilið setur mikinn svip á útkomuna og sömuleiðis söngurinn, en þeir Benni, Logi og Beggi syngja yfirleitt allir saman og hrópa oft hver í kapp við annan. Hljómsveitin er frábær á tónleikum þannig að stærsta spurningin þegar maður setti nýju plötuna Stop! Handgrenade in the Name of Crib Death 'nderstand? í tækni var eiginlega hvort henni tækist að skila kraftinum og

ærslaganginum sem einkenna tónleikana á plötu. Það tekst að stórum hluta. Krafturinn kemst til skila. Bassa- og trommusandið er flott og gítararnir og söngurinn koma nokkuð vel út líka. Það er eithvað mjög amerískt við Sudden Weather Change. Textarnir eru á ensku og eru margir fullir af amerískum tilvísunum og svo sækir tónlistin líka mun meira í amerískt rokk heldur en t.d. breskt. Gítardýnamíkin minnir mest á Sonic Youth, en áhrifin koma víðar að. Það skiptast á hávaðasamir og ómstríðir rokkkeyrslukaflar og poppaðri og melódískari hlutir. Það er ekkert glænýtt við þessa tónlist, en samt tekst Sudden Weather Change að koma með ferskan vinkil á þetta og platan er hláðin af góðum lögum. Fyrstu fjögur lög, Kilgore Trout III, 1.6 Facilitate access, Beatlemania og smellurinn St. Peters Day eru öll mjög flott og það sama má segja um hið bjagaða Prey Model, Vagina Bleeding og lokalagið She was a Cheerleader. Á heildina litíð er Stop! (eða



TÓNLIST
Stop! Handgrenade in the Name of Crib Death 'nderstand?
Sudden Weather Change
★★★★
Vonarstjórnur íslenskrar rokktonlistar valda ekki vonbrigðum.
S.H.I.T.N.O.C.D? eins og líka má kalla hana) öflug rokkplata sem á eflaust eftir að hljóma víða í sumari.
Trausti Júlíusson

VIÐ VITUM AÐ KOSNINGARNAUMRÆÐURNAR ERU...

HÖRKUSPENNANDI OG BRÁÐFYNDNAR

EN AÐ MATI GAGNRÝNENDA ERU ÞESSAR KVIKMYNDIR JAFNVEL ENNÞÁ BETRI



★★★★★

Me & Bobby Fischer

„Sjálfur sýnir Fischer lúmskan húmor þegar sá gállinn er á honum, síðan keyrir um þverbak í ofstækinu. Kafliinn með honum og Kára Stefánsyni er rúsinan í pylsuendanum. Hér mætast stálin stinn og skákin lifleg...“

- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið



★★★★★

Bigger Stronger Faster

„Bigger Stronger Faster er ekki aðeins heimildarmynd um íntressant efni, heldur heimild um ákveðið lífsviðhorf. Vöðvadraumurinn. Muscle Beach í Kaliforníu, Golds-Gym. Afhjúpunar á lyfjanotkun bandarískra íþróttamanna. Sjáið þessa, hún er illa feit á því. Og djöfullangar mig að deila í mig testa, deka, HGH, you name it.“

- Dóri DNA, DV



★★★★★

Die Welle

„Athyglisverð mynd sem fjallar um tilraunastarfsemi í síðasta bekk menntaskóla í Berlín...Bylgjan nýtur góðs af traustum leik Vogels í aðalhlutverki kennarans og nemendahópurinn er ekki síður sannfærandi og túlkur þverskurð þjóðfélagsins af sannfæringarkrafti.“

- Sæbjörn Valdimarsson



★★★★★

Frozen River

„Leo var tilnefnd til Óskarsverðlaunanna í vetur og hefði sannarlega verið vel að þeim komin, er ekkert annað en stórkostleg sem hin lífsreynda Ray sem gefst aldrei upp þó á móti blási. Frozen River er ein besta mynd ársins, frumleg, falleg og grímmúðleg en fyrst og fremst dagsönn nærskoðun á kjörum þeirra sem bjarga sér á hverju sem gengur, hvað sem það kostar.“

- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið



★★★★★

Gomorra

„Gomorra er ólík öðrum mafíumyndum hvað varðar djúpa innsýn í samfélagslegar skírskotanir skipulagðrar glæpastarfsemi, og hún er gerð af listfengi á öllum sviðum.“

- Heiða Jóhansdóttir, Morgunblaðið



★★★★★

Garbage Warrior

„Hinn arkitektamenntaði Reynolds hefur verið valkinn og sofninn í þessari köllun sinni í hátt í fjóru ári, rekt endalaust á hindranir og gerir mistök trekk í trekk, en það segir hann líka forsendu árangurs og framfara, mannkyninu og plánetu okkar til heilla. Heimildarmyndin Garbage Warrior, sem nú er sýnd á Bíódögum Græna ljósins, gefur niutíu mínútna innsýn í líf þessa mikla hugsjónamanns.“

- KHG, DV




★★★★★

Man on Wire

„EIN margra fjáðra í hatti Bíódaga er hin breska Man on Wire, nýkrýndur Óskarsverðlaunahafi sem besta heimildarmynd ársins. Flest hjálpast að til að gera veg hennar sem mestan...Marsh kemur spennunni óhugnanlega vel til skila, byggir myndina sterklega upp með því að gefa undirbúningnum og félagsskapnum góðan tíma. Það sem meira er, hann kemur til skila þeirri ólýsanlegu ástriðu sem fær mann til að arka út í opinn dauðann.“

- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið



★★★★★

Young @ Heart

„...með afbrigðum upplifgandi...Ég vil því í upphafi hvetja unga sem aldna og alla þar á milli til að missa ekki af þessari einstöku skemmtun, hún er sannkölluð vítamínsprauta fyrir líkama og sál...Ung í anda stendur undir nafni, full af uppbyggilegum og jákvæðum boðskap og sýnir og sannar hvað roskið fólk getur afkastað og notið lífsins ef það fær tækifæri til þess.“

- Sæbjörn Valdimarsson, Morgunblaðið



ÞESSAR OG FLEIRI KVIKMYNDIR Á BÍÓDÖGUM 2009
KYNNTU ÞÉR DAGSKRÁNA Á WWW.GRAENALJOSID.IS

græna
ljósið



LÍF OG FIÖR Alfred skemmti sér konunglega á hliðarlínunni á miðvikudag þegar Kiel var krýnt sem þýskur meistari. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

Alfred Gíslason Þýskalandsmeistari í fjórða skipti:

Mikill léttir að hafa landað þessum titli

HANDBOLTI Alfred Gíslason náði þeim magnaða áfanga í vikunni að verða Þýskalandsmeistari í handbolta í fjórða skiptið á ferlinum. Það hefur enginn annar Íslendingur leikið eftir. Alfred varð tvisvar meistari sem leikmaður með Essen árin 1986 og 1987. Hann þjálfaði síðan Magdeburg sem varð meistari árið 2001 og nú Kiel.

Mikil sigurhátíð var í Kiel á miðvikudaginn þegar meistararnir voru hylltir en Kiel varð meistari degi fyrr þegar Hamburg tapaði gegn Flensburg.

„Þetta var rosastemning og alveg svakalega gaman. Þetta var alveg ótrúlegt,“ sagði Alfred en Kiel lagði Wetzlar á milli þess sem var fagnað. Alfred skemmti sér konunglega í fagnaðarlátunum og varð að lokum hundblautur. „Strákarnir sprautuðu mig allan með kampavíni þannig að ég fór á flot. Fékk líka helling í augun sem var ekkert sérstaklega þægilegt. Ég sá ekki neitt,“ sagði Alfred léttur í skapi.

Náðum aðalmarkmiðinu

„Það er mikill léttir að hafa landað þessum titli. Þetta var skylduverkefni og okkar aðalmarkmið að vinna þennan titil. Ég hef nú ekki þann vanann á að fagna mikið og er strax byrjaður að hugsa um næsta leik. Einmitt núna er ég að reyna að finna út hvernig í andskotunum ég eigi að fara að því að stöðva Guðjón Val,“ sagði Alfred en Kiel mætir Rhein-Neckar Löwen í undanúrslitum Meistaradeildarinnar á sunnudag og svo aftur næsta fimmtudag.

Það var eðlilega mikil pressa á Alfred í vetur.

Hann er að vinna í þannig umhverfi að ekkert nema Þýskalandsmeistaratitillinn er nógu gott. Líðið byrjaði tímabilið á því að gera jafntefli við Dormagen. Efuðust þá margir um Alfred en jafnteflinu var svarað með 27 sigurleikjum í röð og bikarinn því aftur til Kiel.

„Jafnteflið var eiginlega mér að kenna. Undirbúningstímabilið var mjög þungt og ég vissi að það yrði

ekki fagur handbolti í fyrstu tveim leikjunum. Þessi góði undirbúningur hefur síðan heldur betur skilað sér. Við höfum keyrt yfir lið enda í frábæru formi,“ sagði Alfred.

Kiel hefur verið í miðju mútuskandalsins í handboltaheiminum og framkvæmdastjórinn Uwe Schwenker meðal annars sagt af sér. Alfred segir þá umræðu alla hafa haft áhrif á liðið.

„Þetta æsir líka liðið upp og menn vilja svara á vellinum. Það hefur verið mikil ókyrrð og leiðindi. Það er viss taktík í gangi hjá forráðamönnum Hamburg og Löwen. Þeir reyna að skaða okkur með það að markmiði að við missum styrktaraðila. Enda er umfjöllunin meira og minna í einhverjum sorpritum,“ sagði Alfred sem hefur mátt svara ófáum spurningum tengdum þessu máli.

Tómt kjaftæði hjá Jesper Nielsen

„Þessi mál tengjast mér ekki beint en hann Jesper Nielsen hjá Löwen hefur verið að gefa það í skyn að við séum að kaupa leiki núna og það eðlilega tengist mér. Þær ásakanir eru tomt kjaftæði. Ég held reyndar að þessar sögur sem tengjast Kiel hér áður séu ekki sannar heldur,“ sagði Alfred.

Það hefur mikið verið skrifað um aðalstjórnina Kiel, Nikola Karabatic, í vetur.

Hann er með þriggja ára samning við Kiel en virðist vilja fara. Hefur meðal annars verið orðaður við Rhein-Neckar Löwen og nú síðast sagðist hann vilja fara heim til Frakklands.

„Ég veit ekki hvernig það mál endar, satt að segja. Frá okkar bæjarðyrum séð þarf hann að vera eitt ár í viðbót áður en við munum ræða það að hann fari. Hann vill samt fara. Ég get þó sagt þér að við munum ekki selja hann til Löwen,“ sagði Alfred og bætti við að Karabatic hefði verið til fyrirmyndar á æfingum og leikjum í vetur. Hann hefði glímt við ýmis álagsmeiðsl sem hefðu gert það að verkum að hann hefur ekki spilað eins mikið og síðustu ár.

- hbg

Er þetta bannað?

Má ráðherra í ríkisstjórn Íslands banna umfjöllun um sjálfan sig?



www.andriki.is

Íbúðalánasjóður skal samkvæmt lögum stuðla að tækninýjungum og umbótum í byggingariðnaði, m.a. með því að veita lán eða styrki.



Lán og styrkir til tækninýjunga og umbóta í byggingariðnaði

Íbúðalánasjóður auglýsir til umsóknar lán og styrki til tækninýjunga og umbóta í byggingariðnaði. Lán eða styrki má veita einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum sem vinna að þróun tæknilegra aðferða og nýjunga sem leitt geta til lækkunar á byggingarkostnaði og viðhaldskostnaði íbúðarhúsnæðis, styttri byggingartíma eða stuðlað með öðrum hætti að aukinni hagkvæmni í byggingariðnaði.

Rafræn umsóknareyðublöð er að finna á vefsíðu Íbúðalánasjóðs, www.ils.is.

Nánari upplýsingar veitir Einar Örn Stefánsson hjá Íbúðalánasjóði í síma 569 6900 og með tölvupósti ainarorn@ils.is.

Umsóknarfrestur er til 15. maí 2009



Íbúðalánasjóður

www.ils.is

Borgartúni 21, 105 Reykjavík
Sími: 569 6900, 800 6969, ils@ils.is

Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20.00

Idol-stjörnuleit

Fimm keppendur eru eftir í úrslitum Idol-stjörnuleitar sem send eru út í beinni útsendingu frá Smáralindinni í kvöld. Í kvöld glíma keppendur við það erfiða verkefni að freista þess að gera lög sem Björgvin Halldórsson hefur gert vinsæl í gegnum tíðina, að sínum. Bo sjálfur mun síðan sjálfur segja áhorfendum sögu þessara laga og hvernig til kom að hann söng þau inn á plötu og gerði vinsæl. Úrslit ráðast síðan sem áður í símakosningu.



VIÐ MÆLUM MED Spjallið með Sölva

Skjareinn kl. 21.00

Nýr og ferskur umræðuþáttur þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. Lífið, tilveran og þjóðmálin, Sölva er ekkert óviðkomandi. Gestir hans í kvöld eru Kári Stefánsson og leikkonurnar úr Fúlur á móti, þær Edda Björgvinsdóttir, Helga Braga Jónsdóttir og Björk Jakobsdóttir.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

06.38 Morgunvaktin	13.00 Vítt og breitt
06.40 Veðurfregnir	14.03 Tónleikur
06.50 Bæn	15.03 Útvarpssagan: Blátt og rautt
07.03 Auðlindin	15.30 Stofukonsert
07.10 Morgunvaktin heldur áfram	16.00 Síðdegisfréttir
07.30 Fréttayfirlit	16.10 Veðurfregnir
08.00 Morgunfréttir	16.13 Fimm fjórðu
08.11 Morgunstund með KK	17.03 Víðsjá
08.30 Fréttayfirlit	18.00 Kvöldfréttir
09.05 Óskastundin	18.16 Spegillinn
09.45 Morgunleikfimi	19.00 Leynifélagið
10.03 Veðurfregnir	19.27 Sinfóniutónleikar
10.13 Sagnaslóð	22.07 Veðurfregnir
11.03 Samfélagið í nærmynd	22.12 Orð kvöldsins
12.02 Hádegisútlit	22.15 Litla flugan
12.20 Hádegisfréttir	23.00 Kvöldgestir
12.45 Veðurfregnir	00.07 Næturtonar

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útvarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útvarp Boðun / Kristilegt efni FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 97,7 X-ið / Enginn viðbjóður

EXTRA

16.00 Hollyoaks (174:260) Bresk unglingsápa sem segir frá lífi og ástum íbúa Hollyoaks í Chester.

16.30 Hollyoaks (175:260)

17.00 Ally McBeal (21:24)

17.45 The O.C. (18:27)

18.30 Lucky Louie (5:13)

19.00 Hollyoaks (174:260)

19.30 Hollyoaks (175:260)

20.00 Ally McBeal (21:24) Ally ræður sér fylgdamann í von um að geta gert Greg afbrýðisaman. Billy er ósáttur við glannalegan klæðnað Georgiu.

20.45 The O.C. (18:27) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera fríðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.

21.30 Lucky Louie (5:13) Bráðskemmtilegir gamanþættir um draumórannsóknir Louie og hans skrautlega fjölskyldulíf.

22.00 The Mentalist (11:23) Patrick Jane er sjálfstætt starfandi ráðgjafi rannsóknarlögreglunnar í Kaliforníu. Hann á glæsilegan feril að baki við að leysa flókin glæpamál með því að nota hárbetta athyglisgáfu sína.

22.45 Twenty Four (13:24) Ein vinsælasta spennuþáttaröð Stöðvar 2 frá upphafi. Ný ógn stöðjar nú að bandarísku þjóðinni og heimsbyggðinni allri og Jack Bauer er að sjálf-sögðu sá eini sem er fær um að bjarga málinum.

23.30 Auði og Sveppi Auði og Sveppi eru mættir í gamanþætti þar sem allt er leyfilegt.

00.00 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV

BBC entertainment

10.15 The Inspector Lynley Mysteries 11.05 The Inspector Lynley Mysteries 11.50 My Hero 12.20 The Weakest Link 13.05 EastEnders 13.35 My Hero 14.05 Blackadder II 14.35 The Weakest Link 15.20 The Inspector Lynley Mysteries 16.10 The Inspector Lynley Mysteries 16.55 My Hero 17.25 The Weakest Link 18.10 My Hero 18.40 Blackadder II 19.10 Rob Brydon's Annually Retentive 19.40 Rob Brydon's Annually Retentive 20.10 Extras 20.40 The Catherine Tate Show 21.10 Rob Brydon's Annually Retentive 21.40 Rob Brydon's Annually Retentive 22.10 Extras 22.40 The Catherine Tate Show 23.10 Rob Brydon's Annually Retentive 23.40 Rob Brydon's Annually Retentive

DR 1

11.05 Aftenshowet 2. del 11.30 Diagnose søges 12.00 Det lille hus på prærien 12.50 Nyheder på tegnsprog 13.00 DR Update - nyheder og vejr 13.10 Boogie Mix 13.15 Høvdinglebold 14.00 Boogie Listen 15.00 Amigo 15.30 Shanes verden 16.00 Aftenshowet 16.30 TV Avisen med Sport og Vejret 17.00 Disney Sjov 18.00 Ørkenens Sønner - En sang fra de varme lande 19.00 TV Avisen 19.30 Reimers 20.10 Black Dog 21.35 Undercover. Narkobaronen 23.15 Boogie Mix

NRK 1

11.00 NRK nyheter 11.05 Berlin, Berlin 11.30 Sirkusliv 12.00 NRK nyheter 12.05 Norge rundt 12.30 Frilandshagen 13.00 NRK nyheter 13.05 Par i hjertet 14.00 NRK nyheter 14.10 Dynastiet 15.00 NRK nyheter 15.10 Oddasat - nyheter på samisk 15.25 Dyrisk 15.55 Nyheter på tegnspråk 16.00 Ugleskogen 16.10 Mamma Mirabelle 16.25 Tøfferud 16.35 Lykke er 16.40 Distriktsnyheter 17.00 Dagsrevyen 17.30 Norge rundt 17.55 Showbiz 18.55 Nytt på nytt 19.25 Grosvold 20.10 Hva skjedde med Vicky? 21.00 Kveldsnytt 21.15 Hva skjedde med Vicky? 21.55 Brian Wilson med høy solfaktor 22.50 Folk i farta 23.20 Kulturmytt 23.30 Country jukebooks m/chat

SVT 1

11.20 Mat och grönt på Friland 12.55 Anslagstavlan 13.00 Babben & co 14.00 Rapport 14.05 Gomorron Sverige 14.55 Niklas mat 15.25 Mitt i naturen 15.55 Sportnytt 16.00 Rapport med A-ekonomi 16.10 Regionala nyheter 16.15 Go'kväll 17.00 Kulturmytterna 17.15 Regionala nyheter 17.30 Rapport med A-ekonomi 18.00 Så ska det låta 19.00 Grillad 19.45 Rånarna 21.25 Kulturmytterna 21.40 13.e våningen 23.20 Sändningar från SVT24



Milljónir

Risapottur!

Farðu á 1X2.is eða á næsta sölustað og tippaðu á enska boltann fyrir klukkan 13.00 á laugardag.



www.1X2.is

LÖGIN VIÐ VINNUNA



„Ég er oftast með stillt á rás 2 eða X-ið. Hlusta svo á Alicia Keys, Audioslave, U2 og alls konar djass, til dæmis John Scofield og Ómar Guðjónsson.“

Pórey Edda Elísðóttir stangarstökkvari.

Megas fer á menningarhátíð í Kanada

Fjöldi íslenskra listamanna kemur fram á íslensku menningarhátíðinni Núna, eða Now, sem stendur frá 24. apríl til 25. maí í Kanada.

Meðal þeirra sem stíga á svið má nefna Baggalút, Kippa Kaninus, Borgar Magnússon og Lay Low. Aðalstjarna hátíðarinnar er fjallað um hátíðina á vef Winnipeg Free Press og þar

LAY LOW Á MEÐAL GESTA Lay Low verður meðal þeirra íslensku tónlistarmanna sem heiðra Kanada með nærveru sinni, aðrir eru Baggalútur og Kippa Kaninus.

ar verður þó sjálfur Megas með hljómsveit sinni Senubjófnum en Megas hefur verið kallaður afi íslenska rokksins í kanadískum fjölmiðlum að undanfögnu.

Hátíðin þykir hafa heppnast gríðarlega vel undanfarin ár og skipuleggjendurnir hafa því brugðið á það ráð að lengja aðeins í henni. Hún er því fimm vikur í stað tíu daga. Megas kemur fram á tónleikastaðnum The Pyramid Cabaret hinn 30. apríl ásamt Baggalúti.

Ítarlega er fjallað um hátíðina á vef Winnipeg Free Press og þar

fer einn af forsvarsmönnum hátíðarinnar, Anne McPherson, fögrum orðum um Megas. „Margir hafa sagt að hann sé einhvers konar Bob Dylan þeirra Íslendinga,“ segir Anne í samtali við vefinn. „Og sumir halda því fram að hann sé afi íslenska rokksins,“ bætir Anne við.

Þótt tónlistarfólk verði áberandi á þessari alíslensku menningarhátíð í Kanada þá fær leiklistin einnig að blómstra því áður nefnd McPherson hyggst setja upp verk Jóns Atla Jónssonar, Brim, í samstarfi við sex kanadíska leikara.



AFI Megas fer í sína jómfrúarferð til Kanada þegar hann leikur á íslensku menningarhátíðinni Now, eða Núna, hinn 30. apríl.

- fgg

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

LÁRÉTT

2. kirkjuleiðtogi, 6. tveir eins, 8. verslun, 9. heiður, 11. mun, 12. hegna, 14. smáu, 16. sjúkdómur, 17. ætt, 18. drulla, 20. skóli, 21. snöggur.

LÓÐRÉTT

1. ómögulegur, 3. í röð, 4. pensillín, 5. svelg, 7. lausn, 10. ái, 13. stykki, 15. ungar fugl, 16. blaður, 19. guð.

LAUSN

ungr, 16. mas, 19. ra.

LÓÐRÉTT: 1. ófær, 3. áb, 4. fúkalýf, 5. ión, 7. frelsun, 10. áf, 13. stk, 15. kyn, 18. aur, 20. fgr, 21. snar.

LÁRÉTT: 2. páf, 6. ff, 8. búð, 9. æra, 11. kn, 12. reisa, 14. lítilu, 16. ms, 17. áf.

VEISTU SVARID

Svör við spurningum á síðu 8

- Steikarfeiti af frönskum kartöflum.
- Póra Kristín Ásgeirsdóttir.
- Kiel.

FAGLEG RÆSTING
Lægri kostnaður!

Hreint RÆSTING
• Reykjavík • Akureyri • Selfossi
Sími 554 6088 • hreint@hreint.is • www.hreint.is

Parki INTERIORS

ÚTIHURÐIR
25 % Afsláttur
www.parki.is

Hringdu í síma
512 5060
ef blaðið berst ekki

EINAR TÓMASSON: AUKINN ÁHUGI Á ÍSLANDI SEM TÖKUSTAÐ KVIKMYNDA

GESTKVÆMT Á ÍSLENSKA BÁSNUM Í HOLLYWOOD

„Þetta gekk vonum fram og við áætluðum um fjórutíu prósent aukningu í heimsóknunum á básinn okkar. Þetta var reyndar mjög góður tímamunktur því mestallur bransinn var í bænum og átti því heimangengt,“ segir Einar Tómasson, kvikmyndafulltrúi hjá Film In Iceland. Um síðustu helgi var haldin stór og mikil tókustaða-sýning í Hollywood. Þar koma fulltrúar frá löndum um allan heim og reyna að selja sitt land sem heppilegan tókustað. Bókstaflega að „selja landslag sitt“. Ísland var þar á meðal en umrædd sýning hefur gefið vel af sér fyrir íslensk framleiðslufyrirtæki; kvikmyndir á borð við Flags of our Fathers, Journey 3-D og sjónvarpsþátturinn Amazing Race hafa komið til Íslands eftir að hafa séð landslag Íslands.

Einar segir að Ísland hafi vakið mikla athygli meðal svokallaðra „location managers“ en það eru þeir sem velja tókustaði fyrir kvikmyndir. „Þeir eru með eitt-hvert handrit í höndunum, koma á svona sýningar og fá tonn af bæklingum og mynddiskum. Svo liggja þeir yfir þessu í nokkrar vikur og hafa síðan samband við viðkomandi aðila,“ útskýrir Einar.

Hann segir að íslensk fyrirtæki séu orðin vel þekkt stærð í þessum bransa og menn sem komi á íslenska básinn þekki oft vel til landsins og þeirra sem hér starfa. Hann fer síðan aftur út í október og ræðir þá eingöngu við framleiðslufyrirtæki á borð við Disney og Warner. „Mitt hlutverk er fyrst og fremst að kynna landið og koma mönnum í rétt tengsl. Ég skipti mér hins vegar ekki af samningum fyrirtækja hér á landi við erlenda aðila,“ útskýrir Einar.

Og Einar viðurkennir að hækkun á endurgreiðsluprósentunni úr fjórtán í tuttugu prósent hafi vakið mikla athygli. Enda sé það alltaf hún sem beri fyrst á góma. „Já, hún styrkir okkar stöðu, það var kjaftfullt á öllum básunum en þessi hækkun gerir okkur samkeppn-



ÁNÆGÐUR MEÐ ÁRANGURINN Einar Tómasson segir að kvikmyndagerðarmenn hafi haft áhuga á Íslandi, menn skyldu þó halda væntingum í lágmarki því það bití ekki í hverju kasti.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

ishæf á ný,“ segir Einar og bendir jafnframt á að menn hafi verið hrfirnir af því að Alþingi Íslands skyldi samþykkja þetta frumvarp samhljóða. „Mönnum fannst það sýna að kvikmyndagerðarmenn

væru meira en lítið velkomnir til Íslands.“

Einar slær þó ákveðinn varnagla, segir að þótt það hafi gengið vel þá bití ekki í hverju kasti.

freyrgigja@frettabladid.is

FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpið er vinsælt afþreyingartæki meðal Íslendinga yfir páskana. Capacent Gallup birti nýverið yfirlit yfir á hvað Íslendingar horfðu þessa helgi.



Sveitapiltsins draumur, heimildarmynd um ferð FTT til Liverpool, naut mikilla

vinsælda en rúmlega þrjátíu prósent þjóðarinnar sátu límd yfir þessu ferðalagi. Þar hefur eflaust spilað stærstu rulluna að hin góðsagnakennda hljómsveit Hljómar, með **Rúnar heitinn Júlíusson** fremstan í flokki, sló sinn síðasta takt í þessari ferð.

Heimir Jónasson, fyrrum sjónvarpsstjóri Stöðvar 2, hefur ekki verið áberandi eftir að hann hvarf úr stólnum í Skaftahlíð. Hann hyggst hins vegar hasla sér völl í afþreyingariðnaðinum og hefur stofnað fyrirtækið Icelandic Cowboys.



Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er tilgangur félagsins framleiðsla kvikmynda og þjónusta við kvikmyndaframleiðendur auk þess sem Heimir ku hafa í hyggju að aðstoða fyrirtæki og einstaklinga við að skipuleggja atburði.

En það voru bara ekki Hljómar sem nutu mikilla vinsælda um páskana. Þótt erfitt sé að finna þann Íslending sem ekki hefur séð Laddi 6-tugur þá virðast vinsældum **Þórhalls Sigurðssonar** engin takmörk sett. Upptaka á sýningunni var sýnd á Stöð 2 og ekki var að sökum að spyrja; rúm tuttugu prósent horfðu á hana og hafa væntanlega skellt upp úr yfir bröndurum Halla, Ladda og persóna þeirra. - fgg



Ekki abbast upp á íslenskar stelpur

„Ég er búinn að læra eitt, ekki abbast upp á íslenskar stelpur. Þótt þær séu kannski sætar þá geta þær bitíð frá sér og meitt þig,“ skrifar áhættuleikarinn Dan Forcey en hann stjórnar áhættuatriðunum í kvikmyndinni Dead of Night. Íslenska leikkonan Anita Briem leikur þar eitt aðalhlutverkanna á móti ofurmenninu Brandon Routh og það er augljóst að Forcey þessi hefur komist í kynni við íslenska víkingablóðið sem rennur um æðar Anitu eftir einhverja slagsmálasenu.

Tökur á myndinni eru hafnar í glæsivillu í New Jersey og ganga, ef marka má blogg-síðu Forcey, nokkuð vel. Myndin byggir á ítalskri myndasögu eftir Tiziano Sclavi og segir frá einkaspæjaranum Dylan Dog sem fæst við yfirnáttúruleg mál. Anita er í hlutverki Elizabeth en hún er ein af fjölmörgum konum sem reynir að draga



Dylan Dog á talar. Aðdáendur myndasögunnar geta vart beðið eftir því að sjá þessa myndasögu vakna til lífsins á hvíta tjaldinu enda ein mest selda myndasagan á Ítalíu. Myndin skartar auk Anitu og Routh sjónvarpsstjórnum Teye Diggss sem er þekktastur fyrir leik sinn í Grey's Anatomy.

Nóg er fram undan hjá Anitu um þessar mundir en hún mun á næstunni leika í kvikmyndinni The Storyteller á móti Idol-stjórnum Katherine McPhee og svo leikur hún lítið hlutverk í Everything Will Happen Before You Die. - fgg

Í UPPTÖKUM Anita Briem er við tökur á myndasögumyndinni Dead of Night í New Orleans ásamt mótleikurum sínum Brandon Routh og Teye Diggss.

FERMINGAR TILBOÐ

STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM



100% ábyrgð á pixlum í nýjum skjám
100% PIXLAR
Fylgir öllum nýjum skjám í Tölvutek

BenQ

24" LCD FULL HD 1080p SKJÁR

Stórglæsilegur 24" skjár frá BenQ með Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt með HDMI 1.3 tengi.

- 24" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 Dynamic Contrast skerpa
- 2ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- VGA, DVI og HDMI 1.3 HDCP tengi
- Sensey tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

59.900



HDMI 1080i
NÆSTA KYNSLÓÐ
SJÓNVARPSFLAKKARA

500GB HDMI EDITION 1080i

Nýi Argosy HDMI margmiðlunarspilarinn er með 1080i upscaling sem skilar enn betri myndgæðum á venjulegum kvikmyndum og hægt er að læsa möppum með lykilorði.

- Tengist beint í sjónvarp eða græjur
- Hágæða kvikmynda afspilun
- Spilar ljósmyndir í slide show
- Spilar og geymir alla tónlist
- Er einnig handhægur flakkari
- Fjarstýring til að stjórna öllu fylgir
- HDMI, SCART, RCA, HDTV ofl. tengi

29.900
750GB AÐEINS 34.900



**NÝ
SENDING**

BenQ

22" LCD FULL HD 1080p SKJÁR

22" skjár frá BenQ með ótrúlega 1080P FULL HD upplausn ásamt Senseye tækni sem tryggir ótrúlega skerpu og litadýpt.

- 22" FULL HD 1080P 16:9 LCD skjár
- 40000:1 Dynamic Contrast skerpa
- 5ms viðbragðstími fyrir leikina
- 1920x1080 FULL HD upplausn
- VGA og DVI-D HDCP tengi
- Sensey tækni tryggir myndgæðin
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

36.900



**16:9
SKJÁR**

**TAKMARKAD
MAGN**

acer

5335 ACER FARTÖLVUTILBOÐ

Ný og glæsileg 15,6" fartölva frá Acer með 16:9 Cinema skjá fyrir hærri upplausn og betri mynd ásamt 300Mbps þráðlausu neti

- Intel Celeron M585 2.16GHz örgjörvi
- 2GB DDR2 667MHz vinnsluminni
- 160GB SATA 5400RPM diskur
- 8xDVD SuperMulti DL skrifari
- 15,6" CineCrystal 16:9 skjár 8ms
- 512MB Intel X4500HD skjástýring
- 1.3MP innbyggð vefmyndavél
- Windows VISTA Home Premium

79.900
VERÐ ÁÐUR 99.900



ÞJÓNUSTUDEILD

Þjónustudeild okkar sinnir öllum verkum stórum sem smáum:

- Uppfærslur á vélbúnaði
- Gerum tölvur hljóðlátar
- Stýrikerfisuppsetningar
- Bilanaleit og lagfæringar
- Uppsetning/viðhald netkerfa
- Virus- og Spyware hreinsun
- Hvergi lægra tímaverð!

2.990
HVER HAFIN KLUKKUSTUND



20" LCD BENQ SKJÁR

- 20" LCD 16:9 Cinema skjár
- 40000:1 skerpa fráþær gæði
- 5ms viðbragðstími í leikina
- 1600x900 WideScreen
- VGA tengi, svartur á lit
- 100% Pixla ábyrgð í Tölvutek

26.900
HVERGI BETRA VERÐ!



**VERÐ FRÁ
44.900**
EITT MESTA ÚRVAL
LANDSINS AF
FARTÖLVUM

ÖLL HELSTU MERKIN
ACER • HP • TOSHIBA • PACKARD BELL



TÖLVUTEK

Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is

Sendum fartölvuna strax hvert á land sem er
SENDUM FRÍTT
ALLAR FARTÖLVUR
Komur næsta virka dag ef þetta er fráfrítt 12:00



BAKPANKAR
Þórunn
Óddsdóttir

Gangaslagur


Lífið er eins og menntaskóli. Þetta eru ekki ný sannindi og alls ekki frumlegt líkingamál en kannski gengi okkur eilítið betur að skilja samfélagið ef við hefðum þetta í huga.

ÞAÐ gengur ekki öllum jafn vel í menntaskóla. Sumir dúxa á öllum prófum meðan aðrir þurfa að taka sömu áfangana aftur og aftur. Sumir verða hetjur og öðlast frægð í Gettu betur meðan aðrir læðast með veggjum og skilja ekki eftir sig önnur ummerki í sögu skólans en máða mynd á skólaspjaldi. Líkt og lífið snúast menntaskólaárin ekki síst um að kynna rétta fólkinu og láta bjóða sér í réttu partíin. Það skilar manni jafnvel lengra en glæsilegar einkunnir.

FRÁ því var greint í Fréttablaðinu í gær að skólapiltur í Menntaskólanum í Reykjavík hefði hálsbrotnað í árvissum gangaslag skólans. Slagurinn er rötgróin hefð og af myndum að dæma er þetta mikill karlmennskuhasar. Ólíubornir 6. bekkingar brjóta sér leið í gegnum þvögu yngri bekkinganna berir að ofan og renna eins og álar úr greipum þeirra sem reyna að hindra þá í að ná í bjölluna sem keppst er um. Þetta er víst bráðskemmtilegur viðburður og þeir sem ekki þora að taka þátt fylgjast spennir með af hliðarlínunni, sumir klappa og hrópa hvatningarorð meðan aðrir hrista höfuðið og spá því að eitthvað fari úrskeiðis, fólk troðist undir, fái spark í andlituð eða hálsbrotni eins og raunin varð í þetta sinn.

ÞETTA minnir auðvitað á gangaslaginn sem við erum öll að jafna okkur eftir. Þennan sem fór úr böndunum í haust eftir að stóru strákarnir höfðu vaðið yfir okkur yngri bekkingana sem réðum ekki við neitt og sátum eftir – reyndar ekki hálsbrotni en atvinnulaus, húsnæðislaus, reið og pirruð. Skólameistari MR býst við því að gangaslagurinn þar á bæ verði bannaður hér eftir en enn á eftir að koma í ljós til hvaða ráða verður gripið hjá okkur. Líklega verður engu breytt, það er svo erfitt að leggja af gamlar hefðir, þá geta árgangarnir á eftir okkur ekki gert sömu mistök og við.

HÁLFT ár er langur tími í menntaskóla og nemendur eru fljótir að jafna sig. Vonandi verða afleiðingar slagsins síðastliðið haust samt ekki gleymdar þegar við kjósum í nýja stjórn nemendafélagsins á morgun.



GÓÐAN DAG!
Í dag er föstudagurinn 24. apríl
114. dagur ársins.

	Sólarupprás	Hádeggi	Sólarlag
Reykjavík	5.24	13.26	21.30
Akureyri	4.59	13.11	21.25

Heimild: Almanak Háskólans

LEIKANDI Í GOGGINN

GOTT



*Klikkaður
í Cocoa Puffs!*

